

SKÓLAVARÐAN

1. tbl. 14. árg. 2014



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Nótan 2014
Nýr formaður FF
Framtíð leikskólans
Kynslóðabilið brúað
Félag hinsegin kennara

SKÓLAAKSTUR



ERTU AÐ SKIPULEGGJA FERÐ?

Trex - Hópfarðamiðstöðin er eitt af stærstu rútufrirtækjum landsins með áratuga reynslu af akstri með börn. Þau eru skemmtilegustu og verðmætustu viðskiptavinirnir.

Höfum rútur af öllum stærðum og gerðum, vel búnar til aksturs, sumar sem vetur og allar með öryggisbeltum.



Hesthálsi 10, 110 - Reykjavík
Sími: 587 6000 - netfang: info@trex.is

STÓRAR RÚTUR

MINNI RÚTUR

FJALLARÚTUR

SKÍÐAFERÐIR

SVEITAFERÐIR

SKÓLAFERÐIR

EFNI BLAÐSINS

4 Ávarp formanns

6 Skrykkjótt launaþróun

8 Sjötta þing KÍ

12 Er góð í brekkum

Guðríður Arnardóttir er nýr formaður FF




16 Að vera eða vera ekki...innan KÍ?

17 Kynslóðabilið brúað í Varmárskóla

Tíundu bekkingar kenna eldri borgurum á tölvur

18 Listin kennir okkur að skilja hvert annað

Dr. Linda Nathan segir list- og verkgreinar auka úthald nemenda á öllum sviðum og þær þurfi að kenna frá byrjun skólagöngunnar




20 Fjöldmenni á málþingi KÍ um list- og verkgreinar

22 Framhaldsskólar á barmi gjaldþrots

24 Lestrarþjálfun

Út á hvað gengur PALS-lestrarþjálfunaraðferðin?



26 Effin þrjú

Sólveig Friðriksdóttir og Elínborg Siggeirsdóttir segja frá félaginu 3F

28 Sveigjanleg stundaskrá er leiðarstef framtíðar

Kennarar í Hólabrekkuskóla móta framtíð skólans

30 Skólastjórnendur þurfa að halda sér við

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður SÍ, og Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL, tala um starfsþróun og endurmenntun skólastjórnenda

32 Á krossgötum

Björg Bjarnadóttir kveður KÍ

33 Undirbúa stofnun félags hinsegin kennara

34 Skipuleggja leikskóla framtíðarinnar

36 Kynhlutverkin eru mannanna verk

Hafdís D. Guðmundsdóttir sótti Heimsráðstefnu kvenna á vegum EI

38 Samheldni, samvinna og samkennd

ART-þjálfun eflir félagsfærni og siðferðisvitund barna og unglinga

40 Nótan er eins og demantur

Uppskeruhátíð tónlistarskólanna glæsileg sem aldrei fyrr



42 Sagan leynist í hverjum steini

Námsferð starfsfólks leikskólans Urðarhóls austur á land



44 Reynt að fjölga kennaranemum

46 Sköpunargáfan og skólastarfið

Geir Hólmarsson framhaldsskólakennari fjallar um mikilvægi sköpunar

48 Menning battavallanna

Anna María Ólafsdóttir, kennari í Vífilsskóla, skrifar um jafnrétti

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir

Netfang: utgafa@ki.is

Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjaltested formaður KÍ

Forsíðumyndina tók Styrmir Kári Erwinsson af Hildi Völu Ingvarsdóttur fiðluleikara á lokahátíð Nótunnar 2014

Hönnun og prentun: Oddi Umhverfisvottuð prentsmiðja

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir

Netfang: stella@ki.is

Prófarkalestur: Urður Snædal

Netfang: urdur.snaedal@gmail.com



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Leiðréttingar er þörf



Síðastliðið ár hefur eins og árin allt frá bankahruninu 2008 verið mótað af niðurskurði og þrengingum. Skólastarf í landinu hefur ekki farið varhluta af því. Kennarar, eins og margir aðrir Íslendingar, hafa axlað ábyrgð, tekið á sig kjaraskerðingar og lagt sitt af mörkum í endurreisn landsins. Á árinu sem leið tók ný ríkisstjórn í stjórnartaumana og boðar nýjar áherslur í menntamálum. Ráðherra hefur lýst því yfir að hann muni leita eftir samráði við hagsmunaaðila. KÍ mun ekki skorast undan merkjum, en mun í samráðsferlinu standa vörð um innihald og gæði menntunar í samræmi við skólastefnu KÍ.

Stjórnvöld þurfa og eiga að leggja áherslu á menntun og bera fyrir henni virðingu. Markmiðið á að vera að hækka menntastig þjóðarinnar, efla hugvit og verkvit og þar með mannaúðinn. Þannig aukum við hagnæmni og þjóðartekjur.

Til þess að svo megi verða þarf skólakerfið stöðugt að vera í endurskoðun og um það þarf að vera uppbyggileg umræða með það að markmiði að gera góðan skóla betri. Í henni eigum við kennarar

að taka þátt sem sérfræðingar í menntun. Við eigum að læra hvert af öðru og vera fagleg. Þannig byggjum við upp virðingu fyrir starfi okkar og skólastarfi í landinu.

Samstaða um menntun – forsenda framfara

Við Íslendingar erum rík þjóð. Ég er þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi skiptingu þjóðartekna milli landsmanna, en þar hafa kennarar lengi borið skarðan hlut frá borði. Það er til dæmis staðreynd að kennarar á Íslandi eru með lægsta hlutdeild í vergri landsframleiðslu á mann af öllum Norðurlandaþjóðunum samkvæmt upplýsingum frá OECD. Þetta þarf að lagfæra. Segja má að nýsamþykktir kjarasamningar framhaldsskólans séu skref í þessa átt. En það er aðeins fyrsta skrefið, því kjör kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum þarf einnig að lagfæra. Sambærileg menntunarkrafa er gerð til allra þeirra sem útskrifast úr kennaranámi í dag og það þarf að endurspeglast í launum kennara á öllum skólastigum.

Krafan er einföld. Kennarar vilja sambærileg laun og viðmiðunarstéttir. Það kallar á talsverðar breytingar enda hafa

launin dregist aftur úr síðustu ár. En hjá slíkri leiðréttingu verður ekki komist. Í tengslum við þetta hefur KÍ talað fyrir þjóðarsátt eða samstöðu samfélagsins um menntun. Enda er málið risavaxið og á því veltur m.a. framtíð skólastarfs.

Sjötta þing KÍ

Í byrjun apríl var haldið þing KÍ, sem fer með æðsta vald í málefnum Kennarasambandsins. Þar var samþykkt ný stefnumótun sambandsins til næstu fjögurra ára. Ekki voru gerðar miklar breytingar á kjara- og skólastefnu KÍ enda var stefnan sem samþykkt var 2011 byggð á gagngerrri endurskoðun. Á þinginu var gerð nokkuð viðamikil breyting á lögum Kennarasambandsins, þar ber helst að geta að kjörtímabilið var lengt um eitt ár og næsta þing verður því haldið að fjórum árum liðnum. Einnig var samþykkt að leggja niður kjararáð og færa starfsskyldur þess undir stjórn KÍ.

Að lokum óska ég félagsmönnum gleðilegs sumars og farsældar í lífi sínu og störfum.

Þórður Arni Hjaltested,
formaður Kennarasambands Íslands.



7 KRÓNUR Á PINNI STÖÐ

Með KÍ-dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn
7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is



Skrykkjótt launa

Þann 4. apríl síðastliðinn var undirritaður kjarasamningur fyrir félagsmenn KÍ í framhaldsskólum. Verkfall hafði þá staðið í tæpar þrjár vikur.

Samningurinn gæti skilað félagsmönnum allt að 29 prósentu hækkun á þremur árum, verði af grundvallarbreytingum á vinnumati á störfum kennara. Forsvarsmenn stéttarfélaganna hafa komið fram og gagnrýnt samninginn, þar á meðal forsvarsmenn Alþýðusambandsins. Þeir segja hann í engu samræmi við það sem gengur og gerist annars staðar á vinnumarkaði og að hann stofni efnahagsstöðugleika í hættu. Ósanngjarnt sé að einn hópur fái kjarabætur langt umfram það sem aðrir fái.

Þetta þarf að skoða í stærra samhengi. Skipta má launahækkunum launþega í tvennt. Annars vegar eru almennar hækkunar sem samið er um í kjarasamningum. Hins vegar eru hækkunar

sem annað hvort er samið um sérstaklega fyrir hönd afmarkaðra hópa eða, eins og algengt er á almennum vinnumarkaði, launþegar sækja sjálfir til vinnuveitenda. Reynslan sýnir að þó mismunandi hópar semji um sambærilegar almennar kjarabætur þá getur munað miklu á hversu mikið þessir hópar fá til viðbótar. Þar sitja framhaldsskólakennarar (eins og raunar aðrir kennarar) ítrekað eftir. Á þetta hafa sérfræðingar bent, svo sem Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands.

Þetta veldur því að launaþróun sambærilegra hópa launþega getur verið afar mismunandi jafnvel þó almennar launahækkunar samkvæmt kjarasamningum séu eins eða áþekkar. Ákveðnar stéttir, þar á meðal kennarar, dragast kerfisbundið aftur úr. Þróunin hefur verið sú að öðru hvoru er misréttið orðið svo óbærilegt að gripið er til aðgerða. Það var gert í vor þegar félagsmenn í FF og FS lögðu niður vinnu.

„Þegar menn eru að leggja línurnar eins og ASÍ gerði í síðustu kjarasamningum með 2,8% og ætlast síðan til að opinberi vinnumarkaðurinn fylgi síðan í kjölfarið þá gleymist, finnst mér stundum, að nefna þetta og sýna fram á það að það er ekki sami möguleiki fyrir ríkisstarfsmenn að sækja sínar kauphækkunar... eins og þekkist á almenna vinnumarkaðnum.“


Gylfi Dalmann Aðalsteinsson,
dósent við Háskóla Íslands í fréttum RÚV 30. maí 2014.

„Þá hafa ríkisstjórn og sveitarfélög að undanfögnu samþykkt veruleg frávik frá þeirri meginlínu sem lá til grundvallar kjarasamningunum sem gerðir voru á vetrarsólstöðum. Aðildarsamtök ASÍ geta ekki við það unað að launafólki sé mismunað með þessum hætti.“

Gylfi Arnbjörnsson,
forseti ASÍ í 1. maí ávarpi 2014.


Launabreytingar frá nóvember 2012 til maí 2013

Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga (okt. 2013)



Launabreytingar frá nóvember 2012 til maí 2013

Heimild: Í aðdraganda kjarasamninga (okt. 2013)



Þróun

Helsta krafan var að stjórnvöld leiðréttu þann launamun sem myndast hafði vegna áður nefnds misræmis. Á móti fóru stjórnvöld fram á að gerðar yrðu breytingar til að geta aukið sveigjanleika í skólastarfi. Þegar samningurinn var loks undirritaður gengu báðir aðilar nokkuð sáttir frá borði og töldu sig hafa náð fram a.m.k. hluta af sínum kröfum. Launaþróun kennara hefur verið skrykkjótt en það er af og frá að kjarasamningurinn frá 4. apríl síðastliðnum stofni efnahagsstöðugleika í hættu eða færi kennurum kjarabætur langt umfram það sem aðrir hafa fengið.



Samninganefnd Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum sat vikum saman niðri í Karphúsi og reyndi þar að ná samningum við ríkið. Einn daginn tók nefndin þessa mynd af sjálfri sér.

Vatnshitarar fyrir sumarhús



DS-30KX1



DS-30KX



Nú þarf ekki lengur hitakút. Þessir hitarar hita vatnið um leið og skrúfað er frá.

VERÐ:
Kranar frá kr. 22.211.-
Aðrir hitarar frá kr 35.088.-

 **Varmás**
S: 5668144

Markholti 2, Mosfellsbæ



Þórður Árni Hjaltsted, formaður KÍ, Björg Bjarnadóttir, fyrrverandi varaformaður KÍ og Aðalheiður Steingrimsdóttir, núverandi varaformaður KÍ.



Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara og Fjöla Þorvaldsdóttir, varaformaður félagsins.

Stefnan mörkuð

Sjötta þing Kennarasambands Íslands var haldið á Grand Hótel Reykjavík 1. til 4. apríl 2014. Um 250 fulltrúar sátu þingið og lögðu drög að starfi kennarahreyfingarinnar næstu fjögur árin.

Heiðarleg og opinská skoðanaskipti ein-kenndu sjötta þing Kennarasambandsins sem lauk föstudaginn fjórða apríl. Þar var stefna KÍ mótuð í um 40 samþykktum sem fjölluðu um allt frá kjara- og skólumálum yfir í mögulegar breytingar á hús-næði Kennarasambandsins. Í aðdraganda þingsins var sú ákvörðun tekin að hafa það rafrænt. Öllum þingskjölum var komið fyrir á nýrri heimasíðu Kennarasambandsins fyrir þingið og fulltrúum gert að mæta með far- eða spjaldtölvu til að geta nálgast og unnið með þessi gögn.

Ekkert var prentað út. Miðað við niðurstöðu skoðanakönnunar sem gerð var að þingi loknu voru þingfulltrúar ánægðir með þessa nýbreytni. Af 125 sem tóku þátt í könnuninni sögðust 104 ánægðir með framkvæmd hins rafræna þings.

hagsástandi sem þá ríkti. Vegna þess var KÍ rekið með tapi í þrjú ár, en það var í samræmi við áætlanir. Ekki var þó hægt að halda þeim taprekstri áfram og þingfulltrúar þurftu því að ákveða hvort skerða ætti þjónustu KÍ eða hækka

„Þing hefur æðsta vald í málum Kennarasambands Íslands... Halda skal þing KÍ fjórða hvert ár“

Úr 16. grein laga Kennarasambands Íslands

Breytingar á félagsgjaldi

Eitt verkefni þingsins var að ákveða félagsgjald en á síðasta þingi KÍ var gjaldið lækkað niður í 1% til að koma til móts við félagsmenn í því erfiða efna-

félagsgjaldið. Eins og áður sagði var síðarnefnda leiðin farin og félagsgjaldið hækkað í 1,15% í byrjun maí. Því til viðbótar var ákveðið að taka á ný upp 0,25% gjald í vinnudeilusjóð og gjaldið í heild verður því 1,4% næstu árin.

Nýttu þér skemmtileg vildartilboð í Appinu



Skannaðu kóðann
til að sækja eða
uppfæra Appið.



Vildarþjónusta

Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á islandsbanki.is!



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Um 250 fulltrúar sátu þingið sem haldið var 1. – 4. apríl.

„Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess leggja áherslu á að:
Laun og önnur starfskjör kennara og náms- og starfsráðgjafa standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga á vinnumarkaði.“

Laun og önnur starfskjör stjórnenda skóla standist ávallt samanburð við kjör annarra stjórnenda á vinnumarkaði.“

Úr kjarastefnu KÍ

„Kennarasamband Íslands vill skapa einhug um gæði menntunar og efla samvinnu um menntamál á Íslandi. Rík áhersla er lögð á að kennarastarfið er eitt mikilvægasta starfið í samfélaginu.“

Úr skólastefnu KÍ

„Kennarar eru faglegir forystumenn í sínu starfi. Þeir eru sérfræðingar á sviði menntamála sem kenna, miðla og virkja nemendur í þekkingarleit. Leggja skal áherslu á að laða hina hæfustu í kennarastörf hverju sinni.“

Úr skólastefnu KÍ

„Öllum nemendum skal tryggður sambærilegur aðgangur að námi í grennd við heimili sitt, aðstöðu og tengdri þjónustu þannig að komið sé í veg fyrir mismunun. Nemendum bjóðist mismunandi skólar, námsumhverfi og fjölbreyttar kennsluáferðir sem henti ólíkum viðfangsefnum og nemendahópum.“

Úr skólastefnu KÍ

„Nú þegar hefur komið til vinnustöðvunar og mikil óvissa er með kjarasamninga allra aðildarfélaga KÍ. Í ljósi þess hve mikilvægur Vinnudeilusjóðurinn er leggur stjórn KÍ til að hafin verði gjaldtaka að nýju, en 0,25% gjald myndi þýða rúmlega kr. 100.000.000 tekjur fyrir sjóðinn árlega.“

Úr greinargerð v. samþykktar um gjald í Vinnudeilusjóð

„Kennarasamband Íslands hefur tekið þátt í vinnu með öðrum aðilum á vinnumarkaði þar sem viðfangsefnið hefur verið að kanna hvort sátt geti náðst um að setja á stofn eitt lífeyriskerfi sem gilt gæti fyrir alla landsmenn í framtíðinni.“

Sjötta þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 1.-4. apríl 2014 leggur áherslu á að skilyrði KÍ fyrir þátttöku í þessari vinnu sé að réttindi núverandi sjóðsfélaga í A og B deild LSR

og sjóðsfélaga í sambærilegum deildum sjóða sveitarfélaganna verði ekki skert.“

Úr samþykkt um lífeyrismál

„Sjötta þing KÍ leggur til að stjórn KÍ geri það að markmiði sínu að fá starfsheitið „kennari“ lögverndað með formlegum hætti fyrir næsta þing KÍ.“

Úr Samþykkt til stjórnar KÍ um lögverndun kennaraheitisins

„Félagsmönnum KÍ með sambærilega menntun og reynslu sé ekki mismunað í launum eftir því á hvaða skólastigi þeir starfa.“

Úr samþykkt um sérstakar áherslur í kjaramálum

„Fræðslustarfsemi á vegum KÍ skal einkum vera eftirfarandi:

Árleg trúnaðarmannafræðsla um störf trúnaðarmanna, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur og helstu hagsmunamál stéttarinnar ásamt öðru sem brennur á hverju sinni. Aðildarfélögin halda samt sem áður fræðslu er tengist kjarasamningum hvers félags.

Forystufræðsla í upphafi kjörtímabils til þeirra sem veljast til trúnaðarstarfa



Myndir Styrmir Kári

á vegum KÍ og aðildarfélaganna til að styrkja fólk í störfum sínum sem slíkir.

Reglulegir fræðslu/umræðufundir sem eru opnir öllum félagsmönnum um helstu kjara- og réttindamál, skóla- og menntamál og aðra málaflokka sem efstir eru á baugi hverju sinni.“

Úr samþykkt um stefnu KÍ í fræðslumálum

„Ytra starf - markmið KÍ í vinnuumhverfismálum eru:

- Að stuðla að bættu vinnuumhverfi félagsmanna.
- Að efla starfsöryggi og vinna gegn kulnun í starfi, veikindum og ótímabæru brotthvarfi úr starfi.
- Að vinnuumhverfi félagsmanna verði hluti af viðfangsefnum og stefnumótun skóla.“

Úr samþykkt KÍ í vinnuumhverfismálum

„Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 samþykkir heimild til stjórnar KÍ til að byggja við kennarahúsið, kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi KÍ þar sem öllum nútímaþörfum félagsmanna verði sinnt og horft til framtíðar.“

Úr samþykkt um húsnæðismál



Magnús J. Magnússon, annar tveggja þingforseta, ræðir við þingfulltrúa úr sæti sínu. Í þúlti er hinn þingforsetinn, Mjöll Matthíasdóttir. Nær eru ritarar þingsins, þær Brynja Áslaug Sigurðardóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir.



Þingið var rafrænt sem þýddi að öllum þingfulltrúum var gert að mæta með far- eða spjaldtölvu.



Þórður Árni Hjaltested ræðir við Magnús J. Magnússon, annan tveggja þingforseta.



Myndir Stýrmir Kári

Guðríður Arnardóttir tók við formennsku í FF í miðju verkfalli framhaldsskólakennara og á fyrsta degi þings Kennarasambandsins.

„Er góð í brekkum“

Það var í miðju verkfalli og á fyrsta degi fjögurra daga þings Kennarasambandsins, sem Guðríður Arnardóttir tók við sem formaður Félags framhaldsskólakennara. Fyrstu vinnudagarnir hafa því eflaust verið nokkuð sérstakir.

En við viljum fá að vita hver þessi Guðríður er. Og því byrjum við að ræða um kennarastarfið. Af hverju varð það fyrir valinu?

„Það gerðist eins og svo margt gott fyrir tilviljun. Ég útskrifaðist úr Háskóla Íslands vorið 1995 og haustið eftir réði ég mig sem kennara við Hólabrekkuskóla þó ég væri þá ekki komin með kennsluréttindi. Þar kenndi ég áttunda til tíunda bekk. Vandinn var að ég kenndi krökkunum eins og ég væri að kenna fullorðnu fólki í háskóla. Þegar ég kenndi stærðfræði var ég kannski með innlögn í klukkutíma. Talaði og talaði. Leiddi út jöfnur og fannst ég frekar frábær. Eftir mánuð varð allt vitlaust. Þá voru foreldrar farnir að kvarta yfir

þessum nýja kennara sem kunnir ekkert að kenna.

Sigurjón Fjelsted var þá skólastjóri Hólabrekkuskóla og við settumst saman yfir þetta. Hann var mjög heiðarlegur – sagði að ef ekkert breyttist gæti hann ekki notað mig. Og svo fór hann að gefa mér góð ráð. Benti mér m.a. á að kenna í 15 til 20 mínútur og láta síðan krakkana vinna sjálf. Sem mér fannst mjög sniðugt.

Í framhaldi ákvað ég að halda hópfund með krökkunum þar sem ég lagði spilin á borðið. Ég viðurkenndi að ég kynni ekkert að kenna en ég væri að gera mitt besta og að mér þættu þau frekar leiðinleg við mig. Og það var eins og við manninn mælt að andrúmsloftið breyttist. Ég fór að vera meðvitaðri um að ekki er hægt að hella fróðleik ofan í fólk. Eftir það gekk þetta glimrandi vel. Ég kenndi í nokkur ár við Hólabrekkuskóla og það var þar sem ég áttaði mig á hvað þetta er ofboðslega skemmtilegt starf. Svo ég dreif mig í kennslufræðina í Háskólanum og sé ekki eftir því“.

Kennarinn

Guðríður hefur unnið við ýmislegt í gegnum árin, svo sem forritun hjá Kögun og sölu blóðþrýstings- og sykursýki-lyfja hjá fyrirtækinu Thorarensen lyf (sem í dag heitir IcePharma). Hún segir kennsluna samt alltaf hafa togað í sig. Sem varð til þess að fyrir rúmum áratug fór hún aftur að kenna, að þessu sinni í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ.

En hvernig upplifir hún kennarastarfið? „Kennsla byggir á að kennarinn þarf að lesa í salinn. Hvað hann getur gert í dag miðað við stemninguna. Ef nemendur sýna mikinn áhuga á einhverju tilteknu viðfangsefni má halda áfram með það. Ef ekki þarf að breyta um kúrs. Og að kennslunni lokinni sest maður niður og hugsar annaðhvort „vá, hvað þetta var góður tími – það var allt að gerast“ eða „oh... rosalega var þetta eitthvað glatað“. Það má því segja að kennslan sé dálítið eins og leikrit þar sem kennarinn þarf að setja sig í karakter“.



Ný stjórn og varastjórn Félags framhaldsskólakennara. Frá vinstri: Helga Helena Sturlaugsdóttir, Guðný Lára Petersen, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, Guðríður Arnardóttir, Kjartan Þór Ragnarsson og Reynir Þór Eggertsson. Á myndina vantar Elías Þorsteinsson og Sigríði Rögnu Birgisdóttur.

Er þá „kennarinn Guðríður“ öðruvísi en „persónan Guðríður“?

„Hún getur verið það þó ég sé enginn Laddi í kennslustofunni. Kennarinn Guðríður er ekki alveg eins ör og húsrú Guðríður. Kennarinn er líka ákveðnari. Ef það er kliður þá þagnar maður með óskaplega virðulegum hætti og horfir svolítið yfir sviðið og segir t.d.: „bíddu – hvað er málið hér?“. Og þá þagna allir. Þetta gengi ekkert við eldhúsbordið heima. Þar myndi enginn þagna.“

Húsrúin

Þú ert titluð húsrú í símaskrá.

„Já, ég er búin að bera þann titil síðan árið 2000. Ég er menntaður jarðfræðingur og kennari, hef starfað í pólitík, selt lyf, starfað sem blaðamaður, flutt veðurfréttir og starfað við forritun. En í gegnum þennan

fylgt mér. Og svo er það líka svo óendanlega virðulegt að vera húsrú. Þú sérð fyrir þér konu sem er með allt tandurhreint í kringum sig. Konu sem bakar og er mjög líklega húsmæðraskólagengin. Hún er með svuntu og alveg örugglega með lagt hár.“

Stjórnmalamaðurinn

Hvað með stjórnmalin? Þar hefurðu lengi verið áberandi.

„Ég hef verið rammpólitísk alla tíð, og verið sósíaldemókrati frá 17 ára aldri. Kannski höfðu pólitískir fyrirlestrar Bjarna Páls, stærðfræðikennarans míns í FG, þessi áhrif. Maður gat alltaf náð honum á flug með því að tala um pólitík. Hann var mikill Alþýðuflokksmaður, enda föðurbróðir formanns Samfylkingarinnar, Árna Páls Árnasonar.

og ég hef alltaf gert. Og pólitíska hjarta mitt slær alltaf á sama stað. Það mun ekki breytast.“

Formaðurinn

Afhverju gafstu kost á þér núna?

„Mér þykir sótt að framhaldsskólunum. Og ég hef einhvern veginn alltaf þurft að verja málstað. Nú finnst mér mikið liggja við að kennarar séu ekki í vörn heldur sæki fram. Ég get best lýst þessu þannig að mér finnst eins og við séum í brekku núna. Og ég er góð í brekkum. Ég get nefnt sem dæmi að það er búið að skera hraustlega niður til framhaldsskólans síðustu ár. Engu að síður eru menn strax farnir að velta fyrir sér hvernig hægt sé að ganga ennþá lengra í þeim niðurskurði. Stytting framhaldsskólans tengist því. Það er auðvitað ekkert annað en niðurskurðarhugmynd. Menntamálaráðherra hefur sagt að með þessu megi fækka kennurum og að hægt sé að nota fjármuni sem sparast til að hækka laun þeirra sem eftir eru. Það segir sig sjálfst að ef þú ætlar að fækka kennurum þá ertu að skerða innihaldið og við sem fagstétt getum ekki kvittað upp á það orðalaust. Slík breyting er orðin efnahagsaðgerð, ekki bara kerfisbreyting. Lenging skólaársins skerðir tekjumöguleika framhaldsskólanemenda yfir sumartímann sem þýðir að heimilin þyrftu að bera meiri kostnað af skólagöngunni. Er það eitthvað sem við viljum? Þurfum við þá mögulega að koma meira inn í rekstur framhaldsskólans, t.d. með því að útvega námsgögn? Á ríkið þá að greiða framhaldsskólanemendum vasapening eins og gert er í Danmörku? Þetta er svo stórt mál að við erum ekki að fara í að breyta

„...ég hef einhvern veginn alltaf þurft að verja málstað. Nú finnst mér mikið liggja við að kennarar séu ekki í vörn heldur sæki fram“

fjölbreytta starfsferil hef ég alltaf verið húsmóðir. Ég á börn, mann og heimili, þar sem ég moppa, ryksuga, strauja og ýmislegt annað. Það hefur aldrei breyst þó ég hafi tekið mér ýmislegt fyrir hendur utan heimilis. Þannig að ég ákvað að titla mig í símaskrá því verkefni sem alltaf hefur

En þú varst samt að stíga út úr pólitíkinni?

„Já og nei, líklega er ég bara að skipta um svið. Nú er ég komin úr flokkspólitíkinni yfir í verkalyðspólitík og þar þarf ég að ávinna mér traust allra sama hvar í flokki þeir standa. Ég mun áfram vera pólitísk og hafa skoðun á samfélagsmálum eins



Guðríður þiggur góð ráð frá Aðalheiði Steingrimsdóttur, fyrrverandi formanni Félags framhaldsskólakennara.

„...líklega er ég bara að skipta um svið.

Nú er ég komin úr flokkspólitíkinni yfir í verkalýðspólitík“

Þessu á næsta ári. Ekki ef það á að gera þetta af einhverju viti.

En að því sögðu vil ég taka fram að ég er ekkert á móti breytingum. Þær eru jákvæðar ef þær eru gerðar af skynsemi og leiða til framþróunar í skólastarfinu“.

Hvað með stöðu og starffélagsins? Hvert hyggstu stefna?

„Það hefur ekki verið neitt launungarmál. Ég heimsótti flesta skóla á höfuðborgarsvæðinu, skrifaði greinar og kynnti mig í aðdraganda formannskjörsins. Þar lýsti ég ákveðnum efasemdum um veru okkar innan KÍ. Mér finnst að við þurfum að skoða hana út frá þeim ávinningi sem hún skilar fyrir félagsmenn, bæði kjaralega og faglega. Og ég vona að öll aðildarfélög KÍ hugsi með sama hætti. Að velta því fyrir sér hvar hag þeirra félagsmanna sé best borgið. Framhaldsskólakennarar eru ekki hlyntir frekari samruna aðildarfélaga innan Kennarasambandsins en

nú er. En hér erum við nú engu að síður og þá er verkefnið að vinna með KÍ og koma sjónarmiðum FF á framfæri innan vébanda þess.“

Kviðir þú því að koma inn í litla samfélagið í Kennarahúsinu með þessar hugmyndir?

„Þú meinar hvort ég komi á kaffistofuna og þeir sem taka á móti mér hugsi: „kemur gellan sem ætlar að gera allt vitlaust hérna“. Nei, ég kviði því ekki, enda er ég ekki að fara í neinar kollstepur. Ég mun aftur á móti skoða hlutina og spyrja spurninga, meðal annars í stjórn Kennarasambandsins. Þar mun ég hvetja menn til að skoða hvort hægt sé að gera hlutina öðruvísi en þeir hafa alltaf verið gerðir“.

Sjúklingurinn

Guðríður dró engan dul á það í kosningarátunninni að hún væri að glíma við veikindi. Það kom meðal annars fram í kynn-

ingarefni til félagsmanna í aðdraganda kosninganna:

„Ég velti því fyrir mér þegar ég fór í framboð í haust hver myndi kjósa konu sem er með krabbamein; sjúkling sem hefði ekki fulla starfsorku. Mér fannst ég þurfa að gera grein fyrir þessum veikindum. Ég fékk brjóstakrabbamein í ágúst í fyrra og fór í kjölfarið í aðgerð þar sem meinið var fjarlægð. Það var ekki búið að dreifa sér en er þeirrar gerðar að menn vildu fylgja því eftir með fyrirbyggjandi lyfja- og geislameðferð. Það hefur tekið veturinn að fara í gegnum þessa meðferð.“

Ég skal viðurkenna að ég hef ekki verið með hressasta móti í vetur en er öll að koma til. Annars hefur mín meðferð gengið vonum fram, lyfjagjöf og geislum er lokið og ég geri ekki ráð fyrir öðru en að ég sé læknuð. Ég styrkist með hverjum deginum og er að verða eins og ég á að mér að vera, pöðduhress.“

Þitt sigurmerki
í framtíðinni



V-deild

fyrir ungt fólk sem vill ráða sínum sparnaði

Þú tryggir þér ávallt góðan lífeyri með því að greiða iðgjald til LSS. En þú getur aukið lífeyrisréttindin umtalsvert í **V-deild** - valið að styrkja grunnréttindi eða setja umframgreiðslur í séreignarsjóð.

Kynntu þér málin. Gerðu valið að þínu sigurmerki í framtíðinni.



LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Sigtúni 42 • 105 Reykjavík • Sími 5 400 700 • Netfang lss@lss.is • www.lss.is



Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara var haldinn í lok mars.

Að vera eða vera ekki... innan KÍ

Þær eru ekki nýjar af nálinni umræðurnar um hvort leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólakennarar eigi að vera saman í einu stéttarfélagi, og um leið hvort núverandi skipulag Kennarasambands Íslands sé það eina rétta. Skoðanir eru skiptar eins og gengur og gerist. Einhverjir félagsmenn vilja fara aðrar leiðir. Innganga í BHM hefur verið rædd. Einnig að einstök aðildarfélög starfi alveg sjálfstætt. Síðustu ár hafa þessar umræður líklega hvergi verið jafn háværar og meðal framhaldsskólakennara. Annars staðar hér í blaðinu kemur meðal annars fram að Guðríður Arnardóttir, nýkjörinn formaður Félags framhaldsskólakennara (FF), lýsti efasemdum um veru félagsins innan KÍ í aðdraganda formannskjörsins. „Mér finnst að við þurfum að skoða hana út frá þeim ávinningi sem hún skilar fyrir félagsmenn, bæði kjaralega og faglega,“ er þar haft eftir henni.

Á aðalfundi FF árið 2011 var stjórn félagsins falið að skipa fimm manna nefnd til að fara yfir stöðu þess innan Kennarasambandsins. Einnig að gera viðhorfskönnun meðal félagsmanna um afstöðu til samstarfs „Íslenskra kennarafélaga á vettvangi Kennarasambands Íslands“ eins og það var orðað.

Könnunin og skýrslan

Á grundvelli þessarar samþykktar var á vor- og haustönn 2013 farið í að kanna viðhorf félagsmanna FF til málsins. Lykilspurningin í skoðanakönnun um efnið var einföld; „vilt þú að FF hafi áfram aðild að KÍ eða standi utan KÍ?“. Niðurstaðan var að 37% höfðu ekki skoðun á málinu, 36% vildu standa utan KÍ en 27% vildu starfa þar áfram. Engin ein skoðun reyndist því ráðandi. Og skoðanir voru líka afar skiptar varðandi aðra veigamikla hluti sem spurt var um. Meðal annars reyndust 49% félagsmanna FF mjög eða frekar ánægðir með starfsemi Kennarasambandsins, meðan 51% voru annað hvort mjög eða frekar óánægðir. Einnig sögðust aðeins 38% þekkja mjög eða frekar mikið til skipulags og uppbyggingar KÍ. Þekking 62% reyndist mjög eða frekar lítil.

Niðurstaðan var því í raun hvorki né. Margir sögðust sáttir, aðrir ósáttir. Og svo voru þeir sem höfðu ekki skoðun. Könnunin dugði því ekki til að fá niðurstöðu í málið. Þar kom að hinum hluta vinnunnar sem var vinna við skýrslu um stöðu FF innan KÍ. Sú skýrsla var lögð fyrir aðalfund félagsins í lok mars. Niðurstaða skýrslunnar var mun afdráttarlausari en fyrirfram var búist við, en þar segir meðal annars:

„Nefndin telur hagkvæmast fyrir FF að vera áfram innan vébanda KÍ en mikilvægt

Fréttaskýring

Aðalbjörn Sigurðsson
Mynd: Styrmir Kári

sé að skoða reglulega stöðu félagsins og kalla eftir sýn félagsfólks. Nefndin telur sjálfstæði FF í eigin málum vera tryggt samkvæmt lögum KÍ. Formlegt og fjárhagslegt skipulag samtakanna henti FF á margan hátt með hliðsjón af núverandi starfsemi.“

Eins og áður sagði hafa heyrst raddir um að félagsmenn væru betur settir innan BHM en KÍ. Um þá leið er sérstaklega fjallað í skýrslunni. Þar segir:

„Samunburður á skipulagi KÍ og BHM sýnir að FF þyrfti að hækka félagsgjöld gengi félagið í BHM til að standa undir þeirri þjónustu sem KÍ sér um en BHM ekki og bendir nefndin á að útganga framhaldsskólakennara úr KÍ er flókið ferli“. Í

„...ekki er beint samhengi milli þeirra heildarsamtaka sem framhaldsskólakennarar hafa verið aðilar að í gegnum tíðina og kjarapróunar þeirra“.

skýrslunni segir einnig að ekki sé beint samhengi milli þeirra heildarsamtaka sem framhaldsskólakennarar hafa verið aðilar að í gegnum tíðina og kjarapróunar þeirra. Það sem skipti máli sé „...barátta framhaldsskólakennara fyrir betri kjörum og samtakamáttur þeirra“.

Heildarniðurstaðan er því sú að framhaldsskólakennurum sé, allavega í bili, best borgið innan KÍ. Sama umræða hefur ekki verið jafn hávær í öðrum aðildarfélögum, en hún mun ugglaut halda áfram. Sem er líka nauðsynlegt og það er eðlilegt að í samtökum sem telja yfir 10.000 félagsmenn séu skoðanir skiptar. Umræða um skipulag og stöðu Kennarasambandsins kemur í veg fyrir að það staðni eða sofni á verðinum. Núverandi fyrirkomulag virðist í dag það heppilegasta. Hvað morgundagurinn ber í skauti sér veit hins vegar enginn.

Kynslóðabilið brúað í Varmárskóla

Nemendur í elstu bekkjum Varmárskóla kenna eldri borgurum á tölvur einu sinni í viku. Námskeiðið hefur tekist vel og nemendur og kennarar eru ánægðir með árangurinn.

Bilið á milli kynslóða hefur verið brúað með skemmtilegum hætti í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Það felst í því að unglingar í elstu bekkjum hafa tekið að sér að kenna eldri borgurum á tölvur. Kennslan hefur að sögn gengið ljómandi vel og ekki var annað að sjá en góður námsandi og gleði væri ríkjandi í tölvustofu Varmárskóla þegar blaðamann Skólavörðunnar bar að garði seint í janúar.

Alls voru 27 nemendur úr hópi eldri borgara mættir og „kennararnir“ voru lítið eitt færri. Fjölmargt hefur verið tekið fyrir í tölvukennslunni; svo sem hvernig á að bera sig að á Facebook, ritvinnsla, almennt netnotkun, tölvupóstforrit, myndvinnsla og klipping myndbanda svo dæmi séu tekin. Um er að ræða samstarf á milli eldri borgara og Varmárskóla og er kennslan eldri borgurum að kostnaðarlausu.

„Þetta hefur gengið mjög vel í alla staði og þátttakan er góð nú á vorönninni. Krakkarnir eru góðir kennarar, búa yfir þolinmæði og svo kunna þeir svo mikið,“ segir Ragnheiður Stephensen, talsmaður eldri borgara og þátttakandi á námskeiðinu. Aðdragandann að námskeiðinu segir hún að megi rekja til árs aldraðra árið 2012 en mottó þess árs var að brúa kynslóðabilið. „Ég vona sannarlega að það verði framhald á þessu,“ segir Ragnheiður.


Andrés Ellert Ólafsson, kerfisstjóri og kennari, hefur yfirumsjón með áfanganum en þess má geta að krakkarnir fá einingar fyrir kennsluna. „Það hefur orðið sprenging hvað varðar þátttöku og það er ánægjulegt. Það er líka gaman að sjá hvað krakkarnir eru sterkir þegar kemur að ólíkri tölvuvinnslu og leysa úr öllum óskum eldri borgaranna. Svo hefur það komið mörgum nemendum skemmtilega á óvart hvað hinir eldri eru



Alls voru 27 nemendur mættir í tölvutímann. Kennarar úr röðum efstu bekkinga voru næstum jafnmargir.



Kristjana Björnsdóttir, 10. GS, leiðbeinir Ragnheiði Stephensen, nemandi og talsmanni eldri borgara.



Steinunn Hauksdóttir ásamt leiðbeinendum Agnesi Heiði Gunnarsdóttur, 10. IM, og Grétu Rós Finnsdóttur, 10. IM.

komnir langt, til dæmis í notkun samskiptamiðlanna og tölvupóstforrita,“ segir Andrés Ellert.

Skólastjórinn í Varmárskóla, Þórhildur Elfarsdóttir, segir verkefnið hafa tekist vel. „Það hefur verið gaman að fylgjast með þessu. Við erum svo heppin að vera vel tölvuvædd hér í skólanum og svo erum við með góðan tölvumann sem er bæði áhugasamur og útsjónarsamur. Þannig tekst okkur að nýta vel þann búnað sem við höfum.“

Til stendur að auka enn á samskiptin við eldri borgara, en hugmyndin er að virkja þá til að koma inn í skólann og aðstoða nemendur við lestur, framsögn, textíl, smíði og samfélagsfræðiverkefni. Þannig verði kynslóðabilið brúað enn frekar með jákvæðum og gefandi hætti.



Halldór Sigurðsson, spörfuglabóndi á Leiðarenda, og Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri Varmárskóla, ræða málin.



Mynd Styrmir Kári

Dr. Linda Nathan hefur rúmlega þriggja áratuga reynslu af kennslu. Hún er ötul í baráttunni fyrir því að öll börn njóti listnáms enda segir hún það skipta sköpum fyrir framtíðina. Mynd / Styrmir Kári

Listin kennir okkur að skilja hvert annað

Nám í listum eykur úthald nemenda á öllum sviðum, segir dr. Linda Nathan en hún var heiðursgestur á málþingi KÍ þar sem fjallað var um mikilvægi verk- og listgreina. Linda Nathan leggur mikla áherslu á að listgreinar séu felldar inn í almenna stundatöflu alla skólagönguna.

„Það er nauðsynlegt að kenna listgreinar alveg frá byrjun skólagöngunnar. Listin er hluti af mannlegri reynslu og varpar ljósi á fjölbreytileika samfélagsins. Þegar börn nema list, af hvaða tagi sem er, þá læra þau fljótt að það er ekki bara til eitt svar við öllum spurningum. Það er mikilvægt,“ segir dr. Linda Nathan sem var heiðursgestur á málþingi Kennarasambands Íslands sem bar yfirskriftina „Erfiðustu spurningarnar koma ekki á prófi!“.

Á málþinginu var sjónum beint að mikilvægi list- og verkgreina á öllum skólastigum. Linda Nathan er sérlegur ráðgjafi forstöðumanna ríkisskóla í Boston, hún er með doktorsgráðu í kennslufræðum frá Harvard. Hróður hennar í kennslu-

fræðum hefur borist víða og hún er hvað þekktust fyrir að hafa stofnað framhaldsskólann Boston Arts Academy en það er eini ríkisskólinn í Boston sem hægt er að kalla listgreina-framhaldsskóla.

Linda leggur áherslu á að listgreinarnar þurfi að vera felldar inn í námsskrána til jafns við hin hefðbundnu fög, svo sem stærðfræði, sögu og tungumál. „Kennsla í listum hefur áhrif á frammistöðu nemenda í öðrum námsgreinum og er að mínu mati mikilvægur þáttur í að skapa góðan skólabrag. Krakkar læra að beita ímyndunaraflinu og leysa verkefni með skapandi hætti. Sköpun skiptir máli, dómgreind skiptir máli en það þarf að kenna góða dómgreind.“

Aukið sjálfstraust og vilji til að læra

Börn og ungmenni láta ekki plata sig svo auðveldlega að sögn Lindu. „Þau sjá fljótt í gegnum það ef tónlistartímar eða myndlistartímar eru fyrir eða eftir hefðbundinn skóladag. Þau sjá að leiklistarkennslan síðdegis er bara fyrir fáa. „Hvernig setjum við stundatöfluna upp og hvernig forgangsöröðum við þannig að listgreinakennslan sé innan hins hefðbundna skóladags? Þetta er mikilvæg spurning. Því miður er því þannig farið í mörgum ríkisskólum í Bandaríkjunum að nemendur njóta ekki listgreinakennslu á hverju ári og sumir þeirra

„Kennsla í listum hefur áhrif á frammistöðu nemenda í öðrum námsgreinum og er að mínu mati mikilvægur þáttur í að skapa góðan skólabrag. Krakkar læra að beita ímyndunaraflinu og leysa verkefni með skapandi hætti“.

munu aldrei læra ljósmyndun, leiklist, tónlist eða myndlist.“

Linda segir nemendur sem læra að kryfja kjarnann í list öðlast sjálfstraust sem vitsmunaverur og skapandi manneskjur. „Nám í listum eykur úthald nemenda á öllum sviðum, þeir finna hjá sér hæfileika til náms og þetta hjálpar þeim að verða stúdentar sem hætta aldrei að læra og tileinka sér nýja hluti. Ég er ekki að halda því fram að tónlistarnám búi endilega til stærðfræðisnillinga heldur það að viðvarandi tónlistarnám gerir ungu fólki kleift að þróa með sér jákvæðar venjur og viðhorf sem skilar sér í bættum námsaga almennt.“

Linda heimsótti nokkra skóla á meðan á dvöl hennar stóð hér á landi. Hún var, svo vægt sé til orða tekið, mjög hrifin af því sem hún sá og upplifði. „Það var sérlega áhugavert að heimsækja Borgarholtsskóla. Þar voru nemendur meðal annars að læra margmiðlun, ljósmyndun og nokkur þeirra voru að safna hljóðum. Þetta var skemmtilegt að sjá.“

Börnum á að líða vel í skóla

Nám og þátttaka í listrænu starfi innan skólans kennir nemendum svo ótal margt. „Þeir öðlast getu og úthald til að leysa flókin verkefni og fyllast löngun til að verða framúrskarandi, til að skapa og láta sér annt um sköpunina. Ekki síst læra þeir að vinna saman í hóp. Þegar við vinnum saman á leiksviði, við að setja upp danssýningu eða búa saman

til tónlist þá skiptir bakgrunnur okkar ekki máli heldur bara æfingin eða verkefnið sem við erum að leysa saman,“ segir Linda og bætir við að hún hafi heyrt að hér á landi séu uppi áhyggjur af brottfalli úr framhaldsskólum. „Unglingar detta ekki úr námi þegar skólinn snýst um þá, unga fólkið elskar leikhús, dans og tónlist.“

Linda segir mikla áherslu lagða á ritun í Boston Arts Academy og að allir kennarar, í hvaða fagi sem þeir starfa, þurfi að kenna nemendum að tjá sig í rituðu máli. „Færni í ritun skiptir miklu máli og við segjum við nemendurnar; hvernig vilt þú skrifa þetta eða hitt? Punkturinn er sá að börn og unglingar, alveg eins og við fullorðna fólkið, vilja finna að þeir sjálfir skipti máli. Það skiptir máli að skipta máli, ekki satt?“

Linda vinnur að því að færa listina inn í skólana vestanhafs sem annars staðar. „Ég er sannfærð um að það er hægt og við getum bætt skólabraginn til muna. Ég vil að skólar séu staðir þar sem börnum líður vel, þau finni að þau eru einstök og þroskist í að verða skapandi einstaklingar, og skiptir þá ekki máli hvaða grein þau leggja fyrir sig að loknum framhaldsskóla. Við megum ekki gleyma að spyrja krakkana hvað þeir vilja gera. Ég vil að skólinn einkennist af ástríðu, sköpunarkrafti, hreyfingu, litum og tónum. Það væri draumur að sjá skóla þar sem allir nemendurnir væru saman í einum kór.“



Linda Nathan stofnaði Boston Arts Academy árið 1998. Þetta er ríkisrekin listgreinaskóli og skólastigið er það sem í Ameríku fellur undir „high school“. Nemendur eru um 440 talsins og státar skólinn af því að 95% nemenda fara áfram í háskólanám.

Linda segir nemendur sem útskrifast úr Boston Arts Academy velja sér fjölbreytt framhaldsnám; flestir fari í listgreinar en stór hluti nemenda fari í verkfræði. „Við höfum líka séð marga leggja fyrir sig ritlist, sjúkrapjálfun og listþerapiu þannig að fjölbreytnin er mikil.“

LINDA NATHAN

er með doktorsgráðu

í kennslufræðum frá

Harvard-háskóla í

Bandaríkjunum. Hún er ráðgjafi forstöðumanna ríkisskóla í Boston, stofnandi Miðstöðvar fyrir listir í menntun (Center of Arts in Education) og stofnandi framhaldsskólans Boston Arts Academy. Nánari upplýsingar má nálgast á lindanathan.com.


Fjölmenni á málþing um list- og verkgre

Rúmlega tvö hundruð manns sóttu málþing KÍ sem bar yfirskriftina „Erfiðustu spurningarnar koma ekki á prófi! – Erum við að horfa til þeirrar hæfni sem framtíðin þarfnast?“ Á málþinginu sem fram fór í febrúar var efnt til umræðu um innihald náms og kennsluaðferðir og velt upp spurningunni hvort kennsluaðferðir séu nægilega skapandi og höfði til nemenda í dag.

Skólamálaráð KÍ hafði umsjón með málþinginu sem var liður í að hrinda af stað vinnu við verkáætlun um eflingu list- og verkgreina. Öll skólastigin komu saman að undirbúningi þingsins og þátttöku.

„Það er óumdeilt að list- og verkgreinar eru mikilvægar í skólastarfi og samfélaginu öllu. Þær þroska skapandi hugsun og virkni, samstarf og samskipti, félagsþroska og samlíðan, tjáningu og fínhyfingar og efla sjálfsmýnd og sjálfstæði nemenda,“ skrifaði Björg Bjarnadóttir, fyrirverandi varaformaður KÍ, í pistli að loknu málþinginu.

Meðal þeirra sem fluttu framsögu á þinginu voru Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistarskólans í Reykjavík, Sölvi Sveinsson, skólastjóri Landakotsskóla, Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Ólafur Stefánsson handboltakappi, dr. Unnur Óttarsdóttir, kennari og myndlistarkona, og dr. Linda Nathan, menntafrömuður og baráttukona fyrir aukinni áherslu á listgreinakennslu, en hún var heiðursgestur þingsins.



Þórdís Heiða Kristjánsdóttir og Gunnar Benediktsson, kennarar í tónlistarmiðlun, hituðu gestina vel upp með taktföstum klappæfingum.



Gott að standa upp og hreyfa sig! Þórdís Heiða og Gunnar sáu um að koma blóðinu á hreyfingu áður en fyrirlestrahaldið hófst.

Öflug tengsl menntunar, menningar og lista



„List- og verknám styður við menntun sem samþættir líkamlega, vitsmunalega og skapandi eiginleika mannsins og stuðlar að öflugum og gefandi tengslum menntunar, menningar og lista,“ segir í ályktun sjötta þings KÍ, sem fram fór dagana 1. til 4. apríl síðastliðinn.

Í ályktuninni segir að leggja skuli áherslu á að list- og verkgreinar og skapandi starf séu virkir þættir í öllu skólastarfi. Rannsóknir gefi til kynna að sé nemandinn virkjaður í listrænu starfi um leið og þættir úr hans eigin menningu eru fléttaðir með, þroskist hjá honum sköpunarmáttur og frumkvæði, frjó og gagnrýnin hugsun, tilfinningaleg greind og siðræn viðmið, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði til hugsunar og athafna.

gi KÍ inar



Myndir Styrmir Kári

Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistarskólans í Reykjavík, hélt framsögu undir yfirskriftinni Listnám, hvernig gerum við betur? Ingibjörg hefur stýrt Myndlistarskólanum frá 2005 en hún tekur við skólastjórn í Landakotsskóla í sumar.



Nemendur í Skólahljómsveit Kópavogs fóru með frumsamdar limrur sem voru hnyttilega orðaðar og stórskemmtilegar.



Dr. Linda Nathan, heiðursgestur þingsins, fylgist með úr sal. Erindi hennar vakti mikla hrifningu viðstaddra.



Þátttaka á málþinginu var griðargóð, yfir tvö hundruð manns af öllum skólastigum tóku þátt.



Kristin Cardew, meistaranemi í tónlistardeild LHÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins, og Björg Bjarnadóttir, fyrrverandi varaformaður KÍ, klappa fyrir heiðursgestinum, dr. Lindu Nathan.

Til þess að ná fram þessum markmiðum er eftirfarandi lagt til:

- Skólanefndum innan KÍ er falið að móta sameiginlega stefnu varðandi eflingu list- og verkgreina í góðu samstarfi við fulltrúa fagfélaga list- og verkgreina.
- Skólastjórnendur og kennarar eru hvattir til að veita þessum þáttum skólastarfsins sérstaka athygli og leggja áherslu á eflingu greinanna, samstarf kennara, samþættingu greina / námssviða og sveigjanleika í kerfinu með gæði og metnað að leiðarljósi.
- Hver og ein list- og verkgrein er sjálf-

stætt fag og hefur eitthvað sérstakt fram að færa og því er nauðsynlegt að list- og verkgreinakennarar fái aukin tækifæri til að efla fagþekkingu sína í gegnum símenntun og starfsþróun.

- Þingið fer fram á það við þá háskóla sem mennta kennara að auka vægi og umræður í námi kennara um list- og verkgreinar og mikilvægi sköpunar í námi kennara. Það er nauðsynlegt að efla sérþekkingu kennara í þessum greinum. Í kennaranáminu er grunnurinn lagður.
- Stjórn og skólamálaráði KÍ er falið að fara þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra að fá fulltrúa

á sviði lista í mennta- og menningar- málaráðuneytinu til að hafa umsjón með þessari þróun. Þá verði ráðherra hvattur til að hafa frumkvæði að því að myndaður verði samráðsvettvangur/ stýrihópur sem hafi það hlutverk að samhæfa aðgerðir til að:

- › efla listgreinar, bæði kennslu í listum og í gegnum listir,
- › efla verkgreinar,
- › stuðla að samþættingu skapandi greina við aðrar námsgreinar,
- › efla skapandi starfshætti í skólastarfi,
- › efla samstarf skólagerða.



Myndir Stýrismir Kári

Kennarar í Kvennaskólanum ræða málin. Skólinn er nú sagður á heljarþróm þrátt fyrir að nám nemenda hafi verið stytta niður í þrjú ár.

Framhaldsskólar á barmi gjaldþrots

„Á síðustu árum hefur rekstrarstaða framhaldsskólanna versnað mjög og halli myndast hjá flestum þeirra“. Á þessum orðum hefst skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu framhaldsskólanna. Í grunninn má segja um hana tvennt. Annars vegar að í henni sé dregin upp dökk mynd af ástandinu í framhaldsskólakerfinu og hins vegar að í henni standi fátt sem kemur þeim sem til þekkja á óvart.

Frá öllu þessu hefur verið sagt síðustu misseri. Í fréttum sem í skýrslum, á fundum sem í skólunum. En allt kemur fyrir ekki. Stjórnvöld neitast að horfast í augu við staðreyndir og skella skollaeyrum við vandanum sem sést kannski best í að samkvæmt fjárlögum þessa árs á enn að spara í málaflokknum, nú um 3,1%. Þetta er gert þrátt fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið telji sjálft að mörkum hagræðingar í rekstri framhaldsskólanna hafi verið náð árið 2011.

vegar aðeins fengið greitt með 20.000 til 20.700 nemendum.

Og útlitið er ekki bjart að mati skýrsluhöfundu. Þeir segja að margt bendi til þess að árið í ár muni reynast mörgum skólum þungt í skauti.

„Þeir muni þá að óbreyttum nemendafjölda og þjónustu hafa fá ónotuð ráð til að draga úr rekstrarkostnaði sínum. Langstærsta hluta framlaga til þeirra er fyrirfram ráðstafað í föst gjöld. Hér má nefna að launakostnaður þeirra er á bilinu 66

Árið 2013 voru 16 af 28 opinberum framhaldsskólum reknir með tapi.

Framlög ríkisins til opinberra framhaldsskóla voru dregin saman um tæpa tvo milljarða á fimm árum. Umsvif skólanna voru hins vegar ekkert minnkuð.

Það ástand sem myndast hefur í framhaldsskólum landsins síðustu ár er allt annað en glæsilegt. Stjórnendum skólanna er gert að reka þá fyrir fjárveitingar sem allir vita að duga ekki til, sem hefur orðið til þess að nokkrir þeirra hafa gefist upp. Kennarar eru ekki í betri stöðu því launakjör þeirra dragast stöðugt aftur úr samanburðarhópum. Margir þeirra hafa einnig gefist upp. Farið og fundið sér önnur og þá betur launuð störf. Vonir standa þó til að nýr kjarasamningur breyti þeirri stöðu. Í ofanálög er viðhaldi á húsnæði skólanna ekki sinnt vegna fjáskorts. Af sömu ástæðu er búnaður þeirra ekki uppfærður. Allt bitnar þetta á nemendum, sem að auki þurfa að setta sig við verri kennslu í sífellt fjölmennari bekkjum.

Skólastjórnendur í ómögulegri aðstöðu?

En vandinn er staðfestur og skrásettur í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í lok febrúar. Hún ber nafnið „Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskólanna“ og þar er farið yfir ástandið lið fyrir lið. Þar er staðfest að samanlögð framlög ríkissjóðs til 26 opinberra framhaldsskóla hafi árið 2012 verið tæpum 2 milljörðum króna lægri en árið 2008 miðað við verðlag ársins 2012. „Ekki var þó gert ráð fyrir minni umsvifum skólanna í lok tímabilsins en í upphafi þess“ segir í skýrslunni. Annars staðar kemur fram að síðustu ár hafi skólarnir kennt 25.200 til 26.400 nemendum á hverju ári, en hafi hins

– 82%. Við hann bætist síðan húsnæðiskostnaður og annar fastur rekstrarkostnaður. Eftir eru þá um eða innan við 10% sem skólastjórnendur geta sjálfir haft einhver áhrif á án þess að minnka kennslumagn og skerða þannig þjónustu.“

Ofan á erfiða stöðu bætist að þeim skólastjórnendum sem hafa náð árangri í rekstri sínum er í raun refsað. Ráðuneytið hefur „reynt að koma til móts við þá skóla sem standa fjárhagslega verst að vígi en veitt minna fé til hinna sem hafa skilað hallalausum rekstri“. Með öðrum orðum; ef skóli er rekinn innan fjárheimilda er raunveruleg hætta á að hann fái einfaldlega minni fjármuni næsta rekstrarár. Um þessa leið segir ríkisendurskoðun:

„Hún verður tæpast talin sanngjörn



Sparnaður síðustu ára hefur óhjákvæmileg áhrif á gæði þess náms sem nemendum er boðið uppá. Þeir þurfa meðal annars í dag að sætta sig við kennslu í mun fjölmennari bekkjum en áður.

gagnvart þeim skólastjórnendum sem ná með árangursríkum hætti að hagræða og spara í rekstri sínum og halda honum innan fjárheimilda“.

Við stytum bara námið

Menntamálaráðherra hefur ítrekað viðurkennt að ástandið sé ekki viðunandi. En hans sýn á starfsemi framhaldsskólanna er umdeild. Hún er að stytta einfaldlega námið úr fjórum árum í þrjú. Hann hefur fullyrt að góður árangur hafi náðst við slíka styttingu og nefnt Kvennaskólann í Reykjavík sem dæmi þar um. Vandinn er hins vegar að staða Kvennaskólans er langt í frá góð. Í vikupósti Félags framhaldsskólakennara í febrúar fjallaði Ásdís Ingólfssdóttir, kennari við skólann, um ástandið. Hún bendir á að þrír árgangar hafi þegar verið útskrifaðir þar sem meðalnámstími nemenda hefur verið 3,3 ár. Við þetta sparist óhjákvæmilega fjármunir. Vandinn sé hins vegar að þeir skili sér ekki til kennara, stjórnenda eða inn í rekstur Kvennaskólans nemendum til góða. Hin dapurlega staða er dregin saman í einni setningu í pistli hennar.

„Kvennaskólinn sem hefur verið rekinn réttu megin við strikið áratugum saman í fjögurra ára kerfinu safnar nú skuldum. Skólinn er á heljarþröm.“

Vandinn kristallast síðan í að þau tæki sem ráðuneytið hefur sjálft smíðað til að nota til að áætla skólunum fjármagn eru gölluð. Þar hefur mest áhrif að upphæðir í svokallaðri „launastiku“ hafa ekki verið uppfærðar síðustu ár. Hún er tækið sem ráðuneytið notar til að ákvarða hversu mikla fjármuni hver skóli þarf til að greiða kennurum sínum laun. Ríkisendurskoðun staðfestir að þrátt fyrir upphaflegt markmið um að stíkan tæki mið af raunverulegum meðallaunum kennara sé það alls ekki raunin nú. Munurinn á upphæðum í stíkunni og meðallaunum kennara nam 11,5% árið 2011. Ári síðar var hann kominn upp í 24%. Ríkisendurskoðun segir þetta einfaldlega flatan

niðurskurð sem sé vafasamur. „Hann leggst misþungt á einstaka skóla og mest á bóknámsskóla þar sem laun vega hlutfallslega þyngst...“ segir í skýrslunni.

Skapar óvissu í litlum skólum

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um hugmyndir menntamálaráðherra um að stytta framhaldsskólanámið. Þar segir meðal annars:

„Óvíst er hvernig litlum skólum á landsbyggðinni gengur að bregðast við styttingu náms og þar með enn meiri fækkun nemenda. Ljóst er að eins árs stytting náms og allt að fjórðungs fækkun nemenda mun óhjákvæmilega hafa áhrif á skólastarfið í heild sinni og kalla á róttæka uppstokkun þess. Eðlilegt virðist t.d. að gera ráð fyrir því að kennurum muni fækka við það og skólahúsnæði minnka.“

Hallur B. Reynisson, skólameistari Framhaldsskólans á Laugum, tekur undir þessar áhyggjur:

„Ég er ekki endilega ósammála því að stytta eigi námið. En menn þurfa að vanda sig. Reksturinn hjá okkur er mjög viðkvæmur, svo raunar að fækkun um sjö nemendur getur haft grundvallaráhrif á hann. Ein mistök í mögulegu styttingarferli geta haft mikil áhrif.“

Hallur bendir á að fáir nemendur búi í nágrenni við skólann á Laugum. Hann byggir því á að nemendur alls staðar að af landinu velji að stunda nám þar. Verði námstíminn stuttur fækki nemendum um allt land óhjákvæmilega og um leið verði aukið framboð af skólarymi. Samkeppni um hvern nemenda hljóti því að harðna.

„Á móti kemur að þetta er heimavistar-skóli og hann er því dýr. Stytting þýðir að heildarkostnaðurinn við námið hér minnkar, sem gæti gert fleiri nemendum kleift að stunda námið. Í heildina er þetta þannig að verði námið stytt tókum við einfaldlega þann slag sem því fylgir. Ég kvíði því ekki,“ segir Hallur.



Í nýju rafbókinni er fjallað um Þingvelli.

Ný rafbók komin út hjá Námshögna- stofnun

Undanfarið hefur starfsfólk Námsgagnastofnunar unnið við að þróa kerfi til útgáfu rafbóka sem innihalda viðbætur við texta sömu bóka á prentuðu formi. Nú er komin út tilraunaútgáfa af fyrstu rafbókinni í þessari þróunarvinnu, Merkir sögustaðir – Þingvellir eftir Þórarín Eldjárn sem var gefin út 2008. Hægt er að smella á merki á spássíum rafbókarinnar til að hlusta á texta hennar lesinn og fá upp fjölbreytilegt viðbótarefni tengt bókinni. Í boði er að horfa á stutt myndbrot, skoða landakort og ljósmyndir, vinna gagnvirk verkefni úr textanum o.fl. Einnig er hægt að opna tengla á vefsíður sem tengjast efni bókarinnar.

Þessi bók er í flokknum Merkir sögustaðir. Bókin fjallar um Þingvelli og stiklað er á stóru í sögu þessa merka staðar. Aðrar bækur í sama flokki eru Merkir sögustaðir – Hólar og Merkir sögustaðir – Skálholt.

Allar athugasemdir sem koma að gagni við þróun rafbóka Námsgagnastofnunar að mati notenda eru vel þegnar og sendist á netfangið ellen@nams.is



Eyrún Embla fylgist grannt með Hafsteini Huga.

Lestrarþjálfun sem hentar jafnt sterkum sem veikum nemendum

PALS-lestrarþjálfun hefur marga kosti að mati Kristínar Ingu Guðmundsdóttur, kennara í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Hún segir aðferðina krefjandi en árangurinn láti ekki á sér standa og öllum nemendum fari fram í lestri.

„PALS er aðferð sem þjálfar allt sem góður lesari þarf að hafa; framsögn, lestrarfærni, lesskilning og gagnrýna hugsun,“ segir Kristín Inga Guðmundsdóttir, kennari í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, en hún hefur unnið með PALS-aðferðina í fimm ár.

Blaðamaður Skólavörðunnar fékk að fylgjast með æfingu í PALS hjá nemendum Kristínar í 7.-KI.

PALS stendur fyrir ensku setninguna *Peer Assisted Learning Strategies* og hefur verið íslenskað með orðunum *Þör að læra saman*. Aðferðin gengur í stuttu máli út á að nemendahópnum er skipt í tvo hópa, þá sem lesa hratt og þá sem lesa ekki eins

hratt. Þeir sem lesa hraðast í hvorum hópi mynda par og svo koll af kolli. Með þessu fyrirkomulagi er talið tryggt að ekki sé of mikið misvægi á milli þeirra nemenda sem vinna saman.

Þjálfunarferlið í PALS tekur tólf vikur og krakkarnir skipta um féлага á fjögurra vikna fresti. Kristín Inga segir að það taki fjórar vikur að kenna aðferðina í fyrsta skipti. Þetta eru því 16 vikur í allt. Þörin eru valin saman þannig að getubil sé aldrei of mikið. Kristín Inga segist alltaf sjá árangur og framfarir eftir því sem PALS-þjálfuninni fleyti fram. „Það eru ótrúlega margir kostir við þessa þjálfun og ekki spurning að allir nemendur græða á henni, hvar sem þeir standa námslega. Það er gott að hugsa til þess að krakkar sem lesa lítið sem ekkert heima fá góða þjálfun í lestri í gegnum PALS.“

PALS-þjálfun er mjög niðurnjörfuð í forminu og ekki gefinn neinn afsláttur þegar kennslustundin er hafin. Kristín Inga telur þetta mikinn kost. „Krakk-



Unnar Freyr og Jakob unnu saman í PALS.



Kristín Inga fylgist með lestrinum hjá Friðriki og Róbert.



Krakkarnir voru einbeittir um leið og PALS-þjálfunin hófst. Bókin *Trunt, trunt og tröllin* var viðfangsefni dagsins.

arnir eru að allan tímann og það er engin undankomuleið. Auk þess finnum við að krakkarnir hafa ánægju af þjálfuninni sem er vissulega krefjandi en um leið og klukkan er komin í gang þá sökkva allir sér niður í verkefnið.“

Kristín Inga telur PALS-aðferðina nauðsynlegan hluta námsins og segir það verkefni en ekki vandamál að finna tíma til að koma henni inn í stundaskrána. „Við látum það takast í þessum skóla og það er hægt ef viljinn er fyrir hendi,“ segir Kristín Inga.

Allir grunnskólarnir í Mosfellsbæ, fyrir utan Krikaskóla, hafa innleitt PALS og má segja að bærinn sé frumkvöðull í innleiðingu aðferðarinnar. PALS-lestrarþjálfun er notuð hjá öllum nemendum í Lágafellsskóla frá 2. og upp í 7. bekk. Aðferðin er einnig notuð í mörgum leikskólum bæjarins.

Hvernig virkar PALS?



Mikilvægt er að merkja við hversu mikið lesið er og meta árangurinn.

- Þjálfun í PALS fer fram þrisvar í viku og stendur í 35 mínútur í senn. Þjálfunin stendur í 12 vikur. Á undan er innleiðing sem tekur 4 vikur þannig að heildartíminn er 16 vikur.
- Nemendurnir vinna í pörum þar sem annar les fyrst í fimm mínútur á meðan hinn hlustar. Sá sem hlustar gefur stig fyrir hverja lesna setningu, leiðréttir mistök og hjálpar með erfið orð. Síðan er skipt um hlutverk.

Að því loknu er textinn endursagður. Eftir það er farið í að draga saman efnisgreinar þar sem aðalatriðin eru dregin út úr textanum og loks er forspá en þá er lesarinn spurður út í það sem hann las, þannig að bæði lesari og hlustandi hafa nóg að gera. Gefin eru stig fyrir hversu mikið er lesið og fyrir endursögnina. Síðan er skipt um hlutverk.

- PALS-þjálfunin í 7.-kl gekk vel fyrir sig. Krakkarnir lásu þjóðsögur úr bókinni Trunt, trunt og tröllin. Þau sýndu mikið öryggi við upphaf kennslustundar og allir vissu upp á hárfar og með hverjum þeir áttu að sitja. Bókinni var stillt upp fyrir miðju og þess gætt að ekkert annað dót væri á borðunum. Það er ákveðið fyrirfram hver er lesari eitt og hver er lesari tvö. Síðan var beðið eftir að Kristín Inga gæfi merki um að skeiðklukkan væri komin í gang og æfingin gæti hafist.
- Bekknum er skipt upp í tvo hópa, rauðan og bláan, og stigin tekin saman í lok hverrar viku. Krakkarnir fylgjast spenntir með hvor hópurinn hefur staðið sig betur.
- Hægt er að kynna sér PALS á vefsíðu Tungumálatorgs; <http://tungumalatorg.is/sisl/pals/>.

Heillaðist af aðferðinni vestanhafs

Hulda Karen Danielsdóttir, kennsluráðgjafi og verk-efnastjóri hjá Reykjavíkurborg, er frumkvöðull að notkun PALS-aðferðarinnar hér á landi. Hulda Karen kynntist aðferðinni í Bandaríkjunum og flutti hana hingað til lands árið 2009. Á haustdögum það ár var hafist handa við að þýða og staðfæra kennsluefni PALS.

Hulda Karen segist hafa leitað að aðferðum sem hentuðu skóla án aðgreiningar en PALS þótti virka vel meðal barna í Bandaríkjunum sem höfðu ensku sem annað tungumál. Hún fékk leyfi hjá höfundum PALS við Vanderbilt-háskólann í Tennessee í Bandaríkjunum til að þýða námsefni og staðfæra. Samningur við höfunda PALS er endurnýjaður á hverju ári en ein af kröfum höfundanna er að ekki megi græða fé á aðferðinni.

Árangur PALS hefur mikið verið rannsakaður vestanhafs og segir Hulda Karen niðurstöðurnar allar á þann veg að aðferðin gefi mjög góða raun.



Gæða ullarfatnaður
á góðu verði



Ullarkistan

Laugavegi 25
REYKJAVÍK
s. 552-7499

Hafnarstræti 101
AKUREYRI
s. 461-3006

www.ullarkistan.is



Sólveig Friðriksdóttir og Elínborg Siggeirsdóttir eru stjórnendur í 3F – félags um upplýsingatækni og menntun. Félagið er vettvangur fyrir kennara á öllum skólastigum.

Miðlun upplýsinga um nýjungar í upplýsingatækni í kennslu er megin-tilgangur félagsins 3F. Félagið á sér langa sögu og innan vébanda þess eru kennarar á öllum skólastigum. Elínborg Siggeirsdóttir, formaður 3F og upplýsingakennari í Hörðuvalla-skóla, og Sólveig Friðriksdóttir, gjaldkeri 3F og kennari við Verzlunarskólann, settust niður með Skólavörðunni og sögðu frá félaginu.

„Við erum félagsskapur kennara á öllum skólastigum þannig að breiddin er mikil. Það er gríðarlega mikilvægt að allir kennarar, á hvaða sviði sem þeir eru, nái að fylgjast vel með tækniþróuninni. Þeir þurfa að hafa val um hvað þeir vilja gera og hvað þeir geta gert í sínum skóla. Við viljum höfða til allra kennara og höfum til dæmis gert það með árlegu ráðstefnunni okkar,“ segir Sólveig.

„Megintilgangur félagsins er að miðla upplýsingum um nýjungar í upplýsingatækni í kennslu. Upplýsingatæknikennarar eiga það til að vera eyland í sínum skólum og þess vegna er styrkur fólgin í að vera saman í félagi, hittast og tala saman,“ segir Elínborg.

3F á sér langa sögu, en félagið var stofnað árið 1982 í Menntaskólanum í Kópavogi. Það hefur gengið undir nokkrum nöfnum en heiti þess hefur ævinlega falið í sér stafina 3F – sem upphaflega stóð fyrir Félag forritara fræðsluferfisins.

Elínborg og Sólveig segja starfsemi 3F lífliga, efnt sé árlega til ráðstefnu um málefni tengd upplýsingatækni, ýmis námskeið fyrir kennara séu í boði í samstarfi við Endurmenntun HÍ og auk þess efni félagið til fræðsluvöldu um allra handa efni sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni. Þá fá félagsmenn einnig fréttabréf reglulega. Næsta ráðstefna félagsins fjallar um rafræna miðlum og

Effin þrjú eru góður félagsskapur

verður haldin í september. Nánari upplýsingar um hana er að finna á heimasíðu félagsins, www.3f.is.

Gerir kröfur til kennara

Elínborg og Sólveig segja skóla landsins standa misjafnlega þegar kemur að tæknivæðingu. „Það er því miður munur á milli skóla og mér sýnist að grunnskólinn hafi dregist aftur úr. Leikskólinn virðist almennt á uppleið þegar kemur að notkun smátölva. Framhaldsskólarnir eru misvel búnir,“ segir Sólveig.

Elínborg tekur undir þessi orð og segir það alvarlegt mál ef til dæmis grunnskólarnir standa ekki jafnt að vígi. „Ný aðalnámskrá gerir ráð fyrir að upplýsingatækni sé notuð þverfaglega í öllum námsgreinum. Þetta gerir auðvitað miklar kröfur til kennara; fæstir þeirra eru sérmenntaðir í upplýsingatækni. Það er okkar mat að ekki sé lögð nægileg áhersla á þessa grein í kennaranáminu. Upplýsingatækni er valfag en ætti að okkar mati að vera skyldufag; jafnt hjá grunnskólakennurum og leikskólakennurum. Það er stundum sagt að kennaranemar eigi að vera búnir að læra þetta áður en þeir hefja kennaranám. Það gengur ekki upp því þessi grein er ekki skylða í framhaldsskólum og það er langur vegur á milli þess að kunna eitthvað sjálfur og geta miðlað því til annarra,“ segir Elínborg.

Allir kennarar velkomnir

3F leggur sitt af mörkum til eflingar náms í tölvu- og upplýsingatækni. Enda gengur ekki annað nú á tímum, segja þær Sólveig og Elínborg. „Það er afar mikilvægt að nemendur á öllum skólastigum fái góða þjálfun í notkun tölvu í námi og á netinu. Þeir þurfa að læra að nota netið á jákvæðan og öruggan hátt og læra að afla sér nauðsynlegra upplýsinga. Það kemur þeim best í framtíðinni, sem við vitum náttúrlega ekki hvernig verður, en þó er hægt að sjá það fyrir að unga fólk þarf að vera í stakk búið til að bæta stöðugt við sig þekkingu, hvort sem það fer í háskólanám eða beint á vinnumarkaðinn,“ segir Elínborg.

Þær Elínborg og Sólveig hvetja alla kennara til að kynna sér starf 3F. „Sumir halda kannski að þetta sé lítill klúbbur fyrir nörda en svo er alls ekki. Það eru allir kennarar velkomnir í félagið og við erum sannfærðar um að allir geti nýtt sér eitthvað af því efni sem við setjum fram. Við erum mjög öflug á Facebook, setjum þar inn tengla um allt það markverða sem er að gerast innanlands sem utan. Við viljum að sem flestir kennarar taki þátt í upplýsingaflæðinu, og þar er hægt að bera saman bækur, leita ráða og/eða miðla sniðugum hugmyndum. 3F rúmar alla kennara sem hafa áhuga á tölvu- og upplýsingatækni,“ segir Elínborg.

Námshagstofnun hefur undanfarið gefið út nýja vefi og uppfært eldri vefi svo þeir virki á öllum stýrikerfum og á allar tegundir af tölvum. Þessir vefir eru á Krakka- og Unglingasiðum Námshagstofnunar **www.nams.is** og eru merktir með rauðum borða.

Kynfræðsluvefurinn

Stafaleikir Bínu og Búa

Ritum rétt

Gagnvirkar æfingar í stafsetningu

Jarðfræðivefurinn

Smábókaskápurinn

Stafapláneturnar

Write Right 1 og 2

Lönd heimsins

Start – Leikjavefur

Þrír í röð

Margmiðlun

Stærðfræði pöddur

Litróf náttúrunnar

Íslensku landspendýrin

Íslensku húsdýrin

Greiningarlyklar um smádýr

Google earth








Read Write Right

Plöntuvefurinn

Leikur að íslenskum orðum

Play with english

Leg med dansk





Hóparnir kynntu hugmyndir sínar fyrir kollegunum.
Anna María Þorkelsdóttir er lengst til vinstri.



Virðing, ábyrgð, árangur eru einkunnarorðin í þessari kynningu.

Sveigjanleg stundatafla leiðarstef fram tíðar

Hvernig lítur skóli framtíðarinnar út? Hvernig má bæta skólastarfið? Kennarar í Hólabrekkuskóla voru virkjaðir á fyrsta vinnudegi ársins til þess að vinna að verkefnunum *Nýr skóli* og *Breyttur Hólabrekkuskóli*.

Hópa vinna var í fullum gangi í sal Hólabrekkuskóla að morgni fyrsta vinnudegs ársins. Nemendurnir voru víðs fjarri enda enn í jólafrí. Kennararnir voru hins vegar mættir til þess að taka þátt í hönnunarsmiðju um framtíð tækni og menntunar í skólanum. Það var góður vinnuandi og létt yfir fólki þegar blaðamann Skólavörðunnar bar að garði.

Aðdraganda hönnunarsmiðjunnar má rekja til þess að Anna María Þorkelsdóttir dönskukennari, Ásgrímur Albertsson stærðfræðikennari og Engilbert Imsland valgreinakennari sóttu Hönnunarsmiðju um framtíð tækni og menntunar á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands síðastliðið haust.

„Við höfðum lengi velt fyrir okkur ýmsum leiðum til að bæta og breyta starfinu hjá okkur. Eftir að hafa sótt smiðjuna í HÍ sáum við að besta leiðin væri að virkja alla kennara skólans til að taka þátt í hugmyndavinnu um hvernig við viljum sjá skólann okkar þróast og starfa í framtíðinni. Í fyrstu einblíndum við einvörðungu á unglíngastigið en ákváðum svo að best væri að kanna hvort ekki mætti gera breytingar á öllum aldursstigunum,“

sagði Anna María en hún tók að sér að leiða verkefnið.

Kennurum var skipt í átta hópa, fjórir unnu verkefni undir yfirskriftinni *Nýr skóli* og fjórir verkefni sem kallaðist *Breyttur Hólabrekkuskóli*. Hóparnir kynntu síðan hugmyndir sínar og var mikið lagt í framsetningu og form kynninganna. Hugmyndaauðgi og mikill áhugi á að bæta skólastarfið var einkennandi fyrir lausnir allra hópanna.

Teymið, undir stjórn Önnu Maríu, notaði síðan janúarmánuð til að fara yfir tillögur hópanna, finna sameiginlega fleti og skrásetja hugmyndirnar.

fengju önnur úrræði,“ sagði Anna María í samtali við Skólavörðuna í lok janúar.

Efling verk- og starfsnáms var hugðarefni margra hópa og upp kom sú hugmynd að nemendur á flestum stigum skólans fengju að vera í meiri tengslum við atvinnulífið og öðluðust í leiðinni betri tilfinningu fyrir tilgangi með námi sínu. „Það að nemendur sjái ekki tilgang með verkefnum var af nokkrum hópanna talið vandamál. Við munum örugglega skoða þetta atriði betur, kanna hvaða fyrirtæki vilja vinna með okkur og koma málum þannig fyrir að krakkarnir fái að skoða atvinnulífið,“ segir Anna María.

„Við sjáum miklu betur hvert við viljum stefna með skólann okkar á næstu árum.“

Vilji kennara til breytinga

„Það sem stendur helst upp úr er vilji kennara til breytinga á stundatöflumforminu. Það er mikill áhugi á að hafa stundatöflurnar opnari í stað þess að allir kennslustundir séu niðurnjörvaðar. Þá kom kennsla eftir getustigum í stað árganga mjög oft upp. Nefnt var að æskilegt væri að nemendur hefðu náð ákveðnum stigum áður en þeir héldu áfram, til dæmis að nemendur sem ekki hefðu lokið 7. stigi færu ekki bóknámsleiðina heldur

Meira val æskilegt

Samvinna nemenda og kennara fékk mikla umfjöllun í hönnunarsmiðjunni og talin þörf á að búa til ýmis teymi í skólanum til að halda utan um samvinnu og samþættingu faga sem þátttakendum fannst mikilvæg. Þá kom val nemenda og ábyrgð nokkrum sinnum fyrir í kynningu hópanna að sögn Önnu Maríu. „Nefnt var að nemendur allt niður í 3. bekk ættu að hafa meira val um hvað þeir lærðu en flestir voru þó á því að slíkt ætti



Lifleg framsetning á framsæknu skólstarfi.

að vera undir stjórn kennarans. Ein hugmynd var að nemendur fengju ákveðin verkefni til að leysa yfir daginn en þeir gætu sjálfir stjórnað hvernig verkefni væru unnin og á hvaða tíma. Þannig að ef nemandi vildi vera aðeins lengur í frímínútum eða teldi gott að eyða meiri tíma í eitt verkefni frekar en annað þá væri það í lagi. Markmiðið væri ávallt

að nemendur lykju við verkefni innan ákveðins tímaramma en gætu sjálfir haft um það að segja hvaða aðferð væri beitt," segir Anna María.

Hönnunarsmiðjan hefur að sögn Önnu Maríu þegar skilað árangri þegar kemur að því að móta framtíðarsýn fyrir starfsemi Hólabrekkuskóla, jafnt frá sjónarhorni kennara og nemenda.

„Við sjáum miklu betur hvert við viljum stefna með skólann okkar á næstu árum. Nánast allar hugmyndirnar eru framkvæmanlegar og nú þurfum við að láta hlutina gerjast og getum vonandi sett fyrstu nýjungarnar í framkvæmd strax á vormánuðum,“ segir Anna María Þorkelsdóttir.

Það geta allir

notað golfkortið.

Kortið veitir einnig afslátt af golfvörum hjá www.golfkortid.is

Golfkortið kostar aðeins

kr. 3,900.-

Golfkortið gildir

2 fyrir 1 á yfir 30 golfvelli víðsvegar um landið.

Einnig 40-50% afslátt fyrir einstakling á flestum völlum

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar www.golfkortid.is



N1

**30
Golfvellir
eitt kort**

www.golfkortid.is

www.golfkortid.is

www.golfkortid.is



Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, og Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, segja mikilvægt fyrir skólastjórnendur á öllum skólastigum að huga að starfsþróun og efla sig þannig í starfi.

Skólastjórnendur verða að halda sér við í starfi

Starfsþróun skólastjórnenda er innihald nokkurra námskeiða sem hafa verið í boði í háskólum landsins í vetur, og er allt útlit fyrir að framhald verði á. Námskeiðahaldið er afrakstur vinnu starfshóps innan Kennarasambands Íslands sem í sátu fulltrúar allra skólastiganna. Starfshópurinn gerði könnun meðal skólastjórnenda um hverjar óskir þeirra væru þegar kæmi að símenntun eða starfsþróun.

Þetta er mikilvægur málaflökkur að mati þeirra Svanhildar Maríu Ólafsdóttur, formanns Skólastjórafélags Íslands, og Ingibjargar Kristleifsdóttur, formanns Félags stjórnenda leikskóla. Svanhildur og Ingibjörg eru í vinnuhópnum sem hefur dregið vagninn í starfsþróunaráttakinu og þær hafa báðar sótt eitt af námskeiðunum, Starfsþróun skólastjórnenda í leik-, grunn-, framhalds-, og tónlistarskólum, sem fram fór í HR í vetur.

„Peir sem stjórna skólum þurfa að hrífa fólkið með sér og fá fylgjendur til að vinna málin áfram. Þannig verður til jákvæð skólaþróun og þannig næst árangur.“

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður SÍ.

Ingibjörg segir Félag stjórnenda leikskóla með samstarfssamning við Endurmenntun Háskóla Íslands um að kanna þörf félagsmanna fyrir skólaþróun og gera tilboð um námskeið í framhaldi af því. „Þetta samstarf með hinum stjórnendafélögum er frábær viðbót og er vonandi byrjunin á farsælu samstarfi þvert á aðildarfélögin innan KÍ,“ segir Ingibjörg.

„Við fengum háskólana í lið með okkur og gátum boðið upp á nokkur námskeið í vetur. Við fórum hins vegar svolítið seint af stað og hyggjumst auka enn framboðið í haust og þá verða vonandi allir háskólarnir með,“ segir Svanhildur. Sem dæmi um námskeið sem hafa verið í boði má nefna lesnámskeið á vegum Menntavísindasviðs HÍ en þar hafa þátttakendur myndað leshópa sem hittast og ræða saman eina erlenda fræðibók í senn. Tekið er á kennslufræðilegri forystu, faglegri

„Skólastjórinn á ekki að vera fjarlægur og yfir aðra hafinn. Þvert á móti á skólastjórinn að halda sig í hringiðunni, þekkja sitt fólk og leiða það áfram.“

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL.

stjórnun og leiðtogastjórnun svo fátt eitt sé nefnt. Meðal höfundna sem eru lesnir eru bandaríski fræðimaðurinn Andy Hargreaves, Todd Whitaker og Michael Fullan frá Kanada.

Svanhildur og Ingibjörg eru sammála um að það auki enn á gæði námskeiðanna að þar koma saman skólastjórnendur allra skólastiganna. „Það gilda nefnilega sömu grundvallaratriði við stjórnun skóla, sama hvert skólastigið er. Við fundum mikinn samhljóm á námskeiðinu sem við sóttum og það kom aldrei upp að ræða þyrfti sérstaklega um tiltekna skólagerð, heldur ævinlega um skólastjórnunina sem slíka,“ segir Ingibjörg.

Lærdómssamfélag undir forystu stjórnandans

Svanhildur og Ingibjörg sóttu sem fyrr segir námskeiðið Starfsþróun skólastjórnenda í leik-, grunn-, framhalds, og tónlistarskólum. Þær lýsa báðar ánægju með námskeiðið og segja að boðið verði aftur upp á það í haust.

„Námsgreinarnar voru forysta til framfara, samskipti, árangursrík samtalstækni, breytingastjórnun, verkefnastjórnun, starfsmannasamtöl og mannauðsstjórnun. Fyrirlesararnir voru allir mjög góðir, fluttu góðar framsögur og ekki fór á milli mála að þeir höfðu áhuga á efninu. Tekinn var heill dagur í hvert efni þannig að þetta er unnið af nokkurri dýpt,“ segir Svanhildur.

Ingibjörg tekur undir þessi orð. „Þátttakendur öðlast heildarsýn því þetta snýst um að skólinn á að vera lærdómssamfélag undir forystu stjórnandans. Þetta hangir allt saman, við lærðum verkefnastjórnun eina vikuna, breytingastjórnun þá næstu og mannauðsstjórnun þá þriðju. Þetta hangir svo allt saman í praktík,“ segir Ingibjörg.

„Eitt af því sem var hvað áhugaverðast var að læra hvernig árangursrík samtalstækni virkar. Þarna læra skóla-

stjórnendur hvernig á að bera sig að þegar nýr kennari hefur störf, hvernig á að taka á móti viðkomandi, vinna með honum og gera hann enn hæfari í starfi. Það skiptir mjög miklu að nýr starfsmaður fái markvissa leiðsögn strax í upphafi og að skólastjórnendur sinni þessari leiðsögn. Það á líka að vera sjálfsagt mál að skólastjóri eða annar stjórnandi ræði við kennara um árangur og framþróun hans í starfi,“ segir Svanhildur.

„Mikil áhersla er lögð á ábyrgð stjórnandans. Ef skólastjóri þarf að tala við starfsmann sem hefur ekki staðið sig í starfi í mörg ár þá er ekki bara hægt að áfella starfsmanninn, heldur þarf skólastjórinn að skoða hvað hann hefur gert í málinu. Skólastjórinn á ekki að vera fjarlægur og yfir aðra hafinn. Þvert á móti á skólastjórinn að halda sig í hringiðunni, þekkja sitt fólk og leiða það áfram,“ segir Ingibjörg.

Svanhildur segir það meginhlutverk skólastjóra að vera leiðtogi. „Þeir sem stjórna skólum þurfa að hrífa fólk með sér og fá fylgjendur til að vinna málin áfram. Þannig verður til jákvæð skólaþróun og þannig næst árangur. Hin kennslufræðilega forysta skiptir gríðarlega miklu máli og það er mikilvægt að við sem störfum við þetta sinnum þessum málaflokki af krafti.“

Hluti af starfskjörum að efla sig í starfi

„Við vonum að skólastjórnendur taki sér tíma til að fræðast um skólaþróun. Það er ekki bara íslenskt vandamál, heldur alþjóðlegt, að tími skólastjórnenda fer sífellt meira í rekstrarþáttinn og það er auðvitað á kostnað leiðtogabáttarins, tímans sem þarf og á að fara í kennslufræðilega forystu. Við getum breytt þessu, m.a. með því að hvetja skólastjórnendur til að sækja námskeið sem hjálpa til við tíma- og verkefnastjórnun. Í þessu sambandi má nefna námskeiðið Rétt málsmeðferð –

ánægðir starfsmenn sem Félag stjórnenda leikskóla, Skólastjórafélagið, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa haldið á átta stöðum víðs vegar um landið. Markmið þess er að skólastjórnendur verði hæfari til að takast á við starfsmannamál, hvað varðar ráðningar og leiðsögn við starfsmenn í daglegu starfi,“ segir Svanhildur.

Ingibjörg og Svanhildur segja skólastjórnendur á öllum skólastigum opna og áhugasama um starfsþróun og fræðslu þar að lútandi. „Mér finnst það vera hluti af starfskjörum skólastjórnenda að þeir eigi kost á að þróa sig í starfi. Það er hlutverk stéttarfélaganna að sinna málum af þessu tagi og það höfum við einmitt verið að gera hjá stjórnendafélögunum innan KÍ,“ segir Svanhildur.

Starf skólastjórans og annarra stjórnenda er flóknara en áður. Taka þarf á mörgum faglegum málum og þá er rekstrarþátturinn enn fyrirferðarmeiri en áður tíðkaðist. Þess vegna er svo brýnt, segja þær Ingibjörg og Svanhildur, að skólastjórnendur haldi sér vel við í starfi og tileinki sér nýja hluti sem efla og auka gæði skólastarfsins.

„Skólastjórnandinn þarf ekki bara að sýna nærsamfélaginu hvað hann er að gera heldur heiminum öllum. Kröfurnar eru miklar og munu ekki fara minnkandi,“ segir Ingibjörg.

Hvaða námsleiðir verða í boði í haust mun liggja fyrir á vordögum. Upplýsingar um námskeiðin, tímasetningar og fleira verður að finna á vefsíðu Kennarasambandsins um leið og þær berast.



Björg Bjarnadóttir, fyrrverandi varaformaður Kennarasambands Íslands.

Á krossgötum

Björg Bjarnadóttir lét af embætti varaformanns Kennarasambands Íslands fjórða apríl síðastliðinn eftir þriggja ára setu. Í tæpa þrjá áratugi hefur hún gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir kennara.

„Ég hef lagt áherslu á mikilvægi þess að treysta böndin á milli félaga og lækka girðingarnar, ég hef verið talsmaður samvinnu og samræmingar, ég lagði mig fram við það sem formaður í aðildarfélagi og barðist fyrir því sem varaformaður KÍ,“ sagði Björg Bjarnadóttir, fyrrverandi varaformaður Kennarasambandsins, í ræðu sem hún hélt undir lok sjötta þings KÍ. Ræðan markaði lok varaformannstíðar Bjargar og áratuga starfs fyrir kennarahreyfinguna. Hún var meðal annars kjörin varaformaður Félags íslenskra leikskólakennara árið 1993 og gegndi því embætti í þrjú ár eða til ársins 1996. Þá tók hún við formennsku í félaginu og gegndi henni til ársins 2011.

„Ég saknaði leikskólans, samstarfsfólksins og ekki síst barnanna, þessara endalausis gleðigjafa sem allt skólastarfið snýst um. En árin liðu og eitt leiddi af öðru. Það voru einhvern veginn alltaf spennandi verkefni sem ég hafði eldmóð til að vinna að og fylgja eftir. Og ég fékk til þess umboð kollega minna,“ sagði Björg í ræðu sinni.

Varaformaðurinn

Björg bauð sig fram í embætti varaformanns Kennarasambandsins á þingi þess árið 2011. Aðdraganda þess lýsir hún svona:

„Fyrir þremur árum þegar ég hafði ákveðið að fara úr forystusveit KÍ og var hætt

sem formaður FL þá var hart sótt að mér að gefa kost á mér sem varaformaður KÍ og við því varð ég eftir vandlega íhugun. Að tími væri kominn til að leikskólastigið ætti fulltrúa í þessu embætti réði ekki úrslitum. Miklu fremur var það trú mín og margra annarra langt út fyrir leikskólastigið að ég ætti erindi í embættið á grundvelli reynslu minnar og starfsháttá“.

Og því voru greinilega margir sammála því enginn bauð sig fram gegn henni árið 2011. Björg bauð sig fram til endurkjörs í lok síðasta árs en fékk þar mótframboð frá Aðalheiði Steingrímisdóttur. Aðalheiður var þá formaður Félags framhaldsskólakennara en búin að tilkynna að hún myndi ekki sækjast eftir endurkjöri í það embætti. Björg varð undir í baráttunni um varaformannsstólinn en það stóð tæpt. Hún hlaut 3109 atkvæði – aðeins 62 færri en mótframboðandinn. En höldum okkur áfram við ræðu Bjargar á þingi KÍ og grípum niður þar sem hún ræddi um varaformannsstarfið:

„Sjóndeildarhringur minn hefur víkkad, ég hef fengið innsýn í regluverk og starf kennara á öðrum skólastigum og skólagerðum, miklu meiri en ég hafði sem formaður í einu aðildarfélagi. Starfinu hefur líka fylgt að vera í stjórnendateymi starfsmanna Kennarahússins og tel ég að reynsla mín úr skólastjórnun hafi þar komið að góðum notum. Í Kennarahúsinu starfar samhentur hópur, einvalalið sem leggur allan sinn metnað á degi hverjum í að veita góða þjónustu til félagsmanna og stuðla að umbótum bæði á kjara- og fagsviðinu. Það hefur verið gott að tilheyra þessum hópi og ekki síður dýrmætt að kynnast öllu því

frábæra fólki í skólunum sem fórnar tíma sínum í margs konar trúnaðarstörf fyrir félögin og Kennarasambandið, allt af brennandi áhuga og hugsjón, samfara fullri kenslu“.

Kennarasambandið kvatt

„Ég er sannfærð um að það var hárrétt skref sem stigið var um aldamótin síðustu að mynda hið nýja KÍ. Kennarar eru ein stétt og eiga að standa þétt saman þrátt fyrir ólíka menningu skólastiganna og skólagerðanna. Við erum litríkur hópur með mismunandi skoðanir og sýn, en stefnum öll að sama markmiði, að mennta börn og ungmenni til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Ég spái því að það líði ekki á löngu þar til einungis nafnið okkar stendur á spjöldunum og enginn verði að velta því neitt sérstaklega fyrir sér úr hvaða aðildarfélagi hver og einn kemur,“ sagði Björg enn fremur í ræðu sinni. Og við ljúkum þessu á kveðjuorðum Bjargar:

„Nú er komið að krossgötum. Þær bera að með nokkuð öðrum hætti en fyrir áratugunum tveimur. Nú réði ég ekki ferðinni, það var gripið í taumana. Ég lýt vilja meirihlutans eins og lýðræðið gerir ráð fyrir og vík til hliðar þar sem félagsmenn hafa valið annan varaformann sem tekur við embættinu í lok þingsins. Ég kveð ykkur með söknuði og eftirsjá og það eru fleiri tilfinningar sem láta kræla á sér, tómleiki og tregi eru þar fyrirferðarmiklar, en líka þakklæti, gleði og auðmýkt yfir því að hafa notið trausts, öll þessi ár, til að vinna að málefnum kennarastéttarinnar og taka þátt í þróun skólastarfs.“

Áfram KÍ!“

Hinsegin kennarar undirbúa stofnun félags

Undirbúningsfundur að stofnun Félags hinsegin kennara var haldinn í Austurbæjarskóla þann 7. maí síðastliðinn. Markmiðið með stofnun félagsins er tvíþætt að sögn Guðjóns Ragnars Jónassonar, eins þeirra er standa að stofnun félagsins; annars vegar að styðja við hinsegin kennara og hins vegar að efla og styrkja hinsegin fólk og menningu þess innan menntakerfisins.

„Það hefur lengi verið í þágunum að stofna þetta félag. Hlutverk félagsins verður meðal annars að styðja við bakið á hinsegin fólki hvort sem það er við nám eða störf innan skólakerfisins, og um leið viljum við efla sýnileika,“ segir Guðjón.

Eitt af hlutverkum félagsins verður að efla orðræðu hinsegin fólks. „Við viljum styrkja vitund fólks um sögu og menningu hinsegin fólks. Þá ætlum við að stuðla að því að hugtakið jafnrétti verði nokkurs konar regnhlífarhugtak og ná til sem flestra minnihlutahópa þegar samdar eru jafnréttisáætlanir í skólum eða hjá stéttarfélögum kennara,“ segir Guðjón.

Félagið mun að sögn Guðjóns hvetja til útgáfu námsefnis þar sem fjallað er um baráttu hinsegin fólks. „Námsefni á auðvitað að endurspeglar fjölbreytileika lífsins eftir því sem við verður komið. Við ætlum líka að styðja við útgáfu rita fyrir skóla og almenning, bæði á prenti og á netinu, þar sem barátta og líf hinsegin

fólks verður í forgrunni. Þá viljum við styrkja og hvetja fræðimenn innan háskólanna til að stunda fræðilegar rannsóknir á lífi og menningu hinsegin fólks,“ segir Guðjón.

„Félög hinsegin kennara eru starfrækt í fjölda landa og alþjóðasamtök kennara hafa gert sitt til að efla og styrkja fjölbreytileikann og hafa því stutt vel við félög hinsegin kennara með fræðslu og ráðstefnuhaldi,“ segir Guðjón að lokum.

Áhugasömum er bent á að fylgjast með vefsíðum Samtakanna 78 og Kennarasambands Íslands, en þar geta þeir fylgst með stofnun félagsins og í framhaldinu sett sig í samband við forsvarsmenn þess.

„Hlutverk félagsins verður meðal annars að styðja við bakið á hinsegin fólki hvort sem það er við nám eða störf innan skólakerfisins, og um leið viljum við efla sýnileika“



Guðjón Ragnar Jónasson, kennari í MR, er einn af stofnendum nýja félagsins. Hér sést hann í verkfallsmiðstöð framhaldsskólakennara í Fram-heimilinu en hann var forsvarsmáður miðstöðvarinnar í verkfallinu.



Undirbúningsnefndin: Frá vinstri: Haraldur Freyr Gíslason (FL), Ingibjörg Kristleifsdóttir (FSL), Björk Óttarsdóttir (Menntamálaráðuneyti), Klara E. Finnbogadóttir (Samband íslenskra sveitarfélaga) og Ása Karin Hólm frá Capacent sem heldur utan um verkefnið og stýrði fundum.



Lokafundur verkefnisins var haldinn í Kópavogi um miðjan apríl.

Skipuleggja leikskóla framtíðarinnar

Það starf sem unnið er daglega í leikskólum landsins er afar fjölbreytt og hefur breyst hratt síðustu árin. Sú breyting gerist ekki af sjálfu sér og vegna þess var í mars og apríl kallað eftir álit foreldra og sérfræðinga um hvert leikskólinn eigi að stefna, í tengslum við verkefnið „Framtíðarsýn leikskólans“.

„Við erum að skoða hvernig leikskólastarfi verði best hagað með hagsmuni leikskólabarna að leiðarljósi,“ segir Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla. „Afraksturinn verður stefnuskiptur sem er hugsað sem grundvöllur að framtíðarsýn leikskólans“.

Það voru Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Samband íslenskra sveitarfélaga sem stóðu að verkefninu. Haldnir voru átta fundir víðs vegar um landið, meðal annars á Egilsstöðum, Akureyri, Blönduósi, Ísafirði og í Kópavogi. Um 400 manns sóttu fundina, þar á meðal leikskólakennarar, stjórnendur

leikskóla, foreldrar og sveitarstjórnarmenn.

„Unnið var út frá sviðsmyndum þar sem gert var ráð fyrir að árið 2024 væru leikskólar á Íslandi framúrskarandi og verkefni fundarmanna var að rekja það afturábak hvernig það hefði tekist,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara. „Umræðurnar á fundunum voru mjög uppbyggilegar og kraftmiklar. Hver fundur stóð í 4-5 klukkutíma. Helsta umkvörtunarefni fundargesta var að tíminn væri of stuttur því metnaður fyrir málefni er greinilega mikill hjá öllum þátttakendum,“ segir Haraldur enn fremur.

Unnið verður úr niðurstöðum fundanna á næstu vikum og mánuðum. Ingibjörg segir að áhersla á að tryggja þurfi öllum börnum rétt til þess að ganga í leikskóla undir handleiðslu vel menntaðra og vel launaðra sérfræðinga hafi verið rauði þráðurinn í umræðum á fundunum. Vonir standi til að vinna síðustu mánaða skili sér í gagnlegri skýrslu sem notuð verði til að gera gott skólástig enn betra.





LESTRAR KASSINN


STIGSKIPTAR
ÞJÁLFUNARÆFINGAR
FYRIR ALLA



NÝTT

LESTUR OG LESSKILNINGUR

 skolavefurinn.is



Eitt kort
36 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is



Kynnið ykkur
sértilboð
til félagsmanna
á skrifstofu

Nýr vefur!
www.veidikortid.is

* fri heimsending



Irene Duncan-Adanusa, varaforseti EI, Yamile Scolovsky frá Argentínu, Lily Eskelsen, frá Bandaríkjunum, Milagros Ogalinda frá Filípeyjum og Dianne Wolochuk frá Kanada.

Kynhlutverk eru mannanna verk og þess vegna er hægt að breyta þeim

Hvernig hafa stéttarfélag aukioð jafnrétti innan sinna vébanda og almennt í menntakerfinu? Hvernig geta stéttarfélag gert enn betur í þessum efnum? Þessar spurningar voru rauður þráður á Heimsráðstefnu kvenna á vegum Education International sem fram fór í Dublin á Írlandi 7. til 9. apríl síðastliðinn. Hafdís D. Guðmundsdóttir, sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum, sótti ráðstefnuna fyrir hönd KÍ.

Ráðstefnan var fjölsótt, en fundargestir voru tæplega 400 frá um 90 löndum. Farið var vítt og breitt yfir stöðu kvenna í kennarastétt, bæði hvað varðar menntun og þátttöku og stjórnun stéttarfélaga. Lykilfyrirlesarar voru Tarja Halonen, fyrrverandi forseti Finnlands, Mary Metcalfe, stjórnarmaður í The Open Society Foundation's Education Advisory Board, og Mary Hatwood, einn stofnenda EI og prófessor við George Washington-háskólann í Bandaríkjunum.

Af hverju eru stéttarfélag á heimsvísu að ræða jafnréttismál og menntun kvenna? Ástæðan er einföld; í heiminum eru 774 milljónir manna sem kunna ekki að lesa og af þeim eru konur 75%. Konur eru 70% þeirra fátækustu í heiminum og afla almennt um 75% af tekjum

rétta kynjanna. Halonen minnti fundarmenn á að kynhlutverk og staðalmyndir eru mannanna verk og þess vegna er hægt að breyta þeim. Hún lagði líka áherslu á jafningjastuðning kvenna innan stéttarfélaganna og sagði menntun mikilvæga til þess að ná fram félagslegu jafnrétti.

„Alveg eins og við látum ekki fátæka sjá um að berjast sjálfa gegn fátækt þá er það ekki bara kvenna að berjast gegn kynbundinni mismunun.“

Eva-Lis Sirén, varaforseti EI

karla í sömu eða sambærilegum störfum. Konur skipa meirihluta félagsmanna í stéttarfélagum kennara um heim allan en á sama tíma eru þær hlutfallslega færri í stjórnunarstöðum innan stéttarfélaganna.

Tarja Halonen sagði í ræðu sinni að stéttarfélag hefðu mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að því að auka jafn-

Ólíkar aðferðir kvenna og karla við stjórnun voru ræddar á ráðstefnunni. Fjallað var um að konur vinni frekar að því að byggja brú á milli einstaklinga og málefna en karlar taki frekar frumkvæði og leysi málin einir. Reynslan hefur nefnilega sýnt að það er ekki nóg að konur komist í stjórnunarstöður því verkaskipting í stéttarfélagum er gjarna kynbundin;



32 milljónir stúlkna í heiminum ganga ekki í skóla.

70% hinna fátækustu í heiminum eru konur.

75% ólæsra í heiminum eru konur.

Hafdis D. Guðmundsdóttir var fulltrúi KÍ á ráðstefnunni.



konur leiða í skólamálum, starfsmannamálum, lýðræðis- og jafnréttismálum eða hinum svokölluðu „mjúku málum“ en karlarnir skipa sér á bekk leiðtoga í kjara- og lífeyrismálum. Þá var rætt um viðkvæðið að oft sé reynt að fá konur til að bjóða sig fram en þær kjósi að gera það ekki. Því þurfi að leggja áherslu á starfsþróun og starfsþjálfun innan stéttarfélaganna svo hægt sé að skapa konum fleiri tækifæri. Auk þess verði að huga að því að vinnuálag sé hæfilegt og jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs. Þá verði að samþætta jafnrétti kynjanna inn í stefnumótun hvers stéttarfélags. „Alveg eins og við látum ekki fátæka sjá um að berjast sjálfa gegn fátækt þá er það ekki bara

kvenna að berjast gegn kynbundinni mismunun, sagði Eva-Lis Sirén, varaforseti EI og formaður Lärarforbundet í Svíþjóð.

Ungir kennarar virkjaðir

Nokkur umræða var á ráðstefnunni um hvernig hægt væri að virkja unga fólkið til að taka þátt í starfsemi stéttarfélaga. Fram komu hugmyndir um að tengja aldur og kyn saman og slá þannig tvær flugur í einu höggi; auka hlut yngri kennara og kvenkennara. Það er mikilvægt að hafa hvort tveggja í huga þar sem ungar konur bera oft meiri ábyrgð á börnum og heimili ásamt því að vinna úti. Þær eru því oft í hlutastörfum til að ná jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu og hafa þannig

lítið svigrúm til að bæta á sig störfum fyrir stéttarfélagið sitt.

Ýmsar hugmyndir um hvernig megi auka þátttöku ungra kennara komu fram á ráðstefnunni. Til dæmis með því að leggja áherslu á að ungir kennarar séu áberandi í miðlum stéttarfélagsins, haldnar séu sérstakar ráðstefnur fyrir unga kennara, boðið verði upp á vettvangsnám hjá stéttarfélaginu og þeim veitt tækifæri til að vinna við viðburði eða önnur verkefni innan félagsins. Einnig að kennaranemar fái einhvers konar aðkomu eða aðild að stéttarfélaginu þannig að þeir fái upplýsingar um réttindi sín og kjör strax og tækifæri til að kynnast því sem stéttarfélagið þeirra stendur fyrir.

Virkjum sköpun í starfi, finnum nýjar leiðir!

2014



Gunnar Ben Skálmaldarmaður dregur fram sköpunarkrafta sem þú vissir ekki að þú byggir yfir.

Kennaranámskeið

10.-12. júní



Nanna Hlíf Ingvadóttir Orff-tónmenntakennari. Tónlist, tjáning, leikir í kennslustofunni.

Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur og **Melkorka**

Sigríður Magnúsdóttir danshöfundur.

Að skrifa dans – dansuppskriftir í íslensku leikhúsi.

Tinna Grétarsdóttir danshöfundur.

Hversdagsleikinn færður í hreyfingar.


Guðbjörg Arnardóttir danskennari. Skapandi dans fyrir börn.

kramhusid.is

Þriggja daga námskeið. Verð: 42.800 kr. /styrkhæft



KÍ félagar-í orlofi 2014-2015



TIL LEIGU

Stúdíóbúð 47m² við Austurbrún í Reykjavík til leigu frá ágúst 2014 til maí/júní 2015 eða eins og þarf. Hentar vel kennurum í orlofi.

Nánari uppl. veitir:
Rósa Eggertsdóttir
rosa@ismennt.is
gsm 894-0568



Krakkarnir í Leikskólanum Laugalandi voru kát þegar ART-teymið kom á staðinn og vottaði leikskólann sem ART-leikskóla.

Samvinna, samheldni og samkennd

Félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund eru lykilatriði í ART-þjálfun sem er notuð í skólum víðs vegar um landið. ART á sinn heimavöll á Suðurlandi en þar starfar ART-teymið sem hefur þjálfun og skipulag með höndum. Skólavardan slóst í för með ART-teyminu í Leikskólann Laugalandi þegar skólinn fékk ART-vottun snemma á þessu ári.

Það ríkti sannkölluð hátíðarstemning í Leikskólanum Laugalandi þegar ART-teymið, sem er skipað þeim Bjarna Bjarnasyni, verkefnisstjóra ART, Sigríði Þorsteinsdóttur ART-þjálfara og Kolbrúnu Sigþórsdóttur, formanni ÍS-ART, bar að garði á köldum en fallegum degi seint í janúar á þessu ári. Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri tók á móti hópnum en hún hefur haft veg og vanda að innleiðingu ART í leikskólanum.

Hugmyndafræði ART (Aggression Replacement Training) felur í sér aðferðir til að efla færni barna og ungmenna í félagslegum samskiptum við annað fólk, kenna þeim sjálfsstjórn og byggja upp siðferðisvitund. Bjarni segir að í stuttu máli megi segja að ART sé verkfærakassi sem hefur að geyma margvíslegar aðferðir til að ná fram jákvæðum aga. „Sjálfsstjórn, félagsfærni og siðferðisvitund eru þættir sem eru öllum börnum mikilvægir og brýnt að þau læri að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra svo dæmi

sé tekið,“ segir Bjarni. Hægt er að kynna sér aðferðina á heimasíðu ART-teymisins, www.isart.is.

Sigrún Björk tekur undir þessi orð og segir innleiðingu ART hafa verið mjög ánægjulega og krakkarnir hafi lært mjög mikið varðandi félagslega hegðun. „Við sjáum mikinn mun og þau eru svo sannarlega að nota ART-ið. Ég get nefnt reiðistjórnun því ef þau sjá einhvern missa sig yfir einhverju þá eru þau fljót að segja; „mundu að þú getur andað, farðu í skjaldböku,“ segir Sigrún Björk.

Hún segir starfsfólkið á Laugalandi mjög ánægt með að vinna í ART-inu og mikilvert að nú tali allir sama „tungumál“ þegar ræða þarf félagsfærni eða aðra mikilvæga þætti í hegðun barnanna. ART-þjálfunin hefur verið við lýði í leikskólanum í sex ár þótt skólinn hafi fyrst nú verið vottaður. „Við erum ánægð með vottunina og munum eftir sem áður vinna markvisst með ART. Helstu kostirnir eru samheldni, samvinna og samkennd sem við finnum fyrir í okkar starfi. Börnin

læra að taka tillit og þau vita að það eru ekki allir eins. Ég myndi vilja sjá ART-þjálfun í öllum skólum landsins, þetta er gríðarlega öflugt tæki í samskiptaþjálfun og frábær forvörn hvað varðar einelti,“ segir Sigrún Björk.

Grunnþættirnir eru þrjú

ART-þjálfun felur í sér fjölbreytta þjálfun eftir aldri og efni hverju sinni. Bjarni segir þrjú grunnþætti þó alltaf til staðar. „Þjálfun í félagsfærni er fyrsti grunnþátturinn en þá er nemendum kennt að eiga jákvæð samskipti við annað fólk, til dæmis í umræðutímum, hlutverkaleikjum og verkefnavinnu. Annar grunnþáttur er sjálfsstjórn en þá læra nemendur að bregðast við ýmsum árekstrum; þeim er kennt að horfa inn á við, skoða hvað veldur því að þeir verða reiðir, hvernig þeir bregðast við og hvaða afleiðingar það hefur,“ segir Bjarni.

Efning siðferðisvitundar er þriðji grunnþátturinn en þá ræða nemendur undir stjórn þjálfara um ýmis siðferðileg álit-

„Það er staðreynd að þeir skólar sem hafa sent starfsmenn á ART-námskeið taka betur á agavandamálum. Fólk lærir réttu viðbrögðin og allir vinna að sama markmiði.“

Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri.



Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri tekur við staðfestingu ART-vottunarinnar úr hendi Bjarna Bjarnasonar verkefnisstjóra ART.

mál, leysa úr klípusögum og skoða dæmi úr eigin reynsluheimi. Börnin eru þjálfuð í að greina rétt frá röngu. ART-þjálfunin er í tólf vikna lotum og uppbyggingin sér-sniðin að hverju skólastigi, frá leikskóla og upp í menntaskóla.

Allir tala sama tungumál

Bjarni og Kolbrún segja að ART-þjálfun henti öllum börnum og unglingum en aðferðin hefur einnig reynst afar árangursrík fyrir einstaklinga með einhverfu og tilfinninga- og geðraskanir. Flóknari tilvik kalla á meðferð og þá taka foreldarnir líka þátt. „Það er starf-

andi inntökuráð sem í sitja barnalæknir, sálfræðingur, tveir úr ART-teyminu, verkefnisstjóri og starfsmaður. Skólasálfræðingar koma líka að málum. Kolbrún segir þetta ganga undir nafninu Fjölskyldu-ART. „Við förum inn í skólann og fylgjumst með viðkomandi barni í sínu umhverfi, þannig getum við metið aðstæður og barnið veit ekki á þeim tímamarki hver við erum. Meðferð hvers barns er einstaklingsmiðuð og má segja að við búum til heildarpakka í kringum hvert barn. Unnið er í samtölum með fjölskyldunum, á teymisfundum og með skólanum til dæmis að bættari sjálfstjórn eða bættari félagsfærni hjá viðkomandi barni svo dæmi sé tekið,“ segir Kolbrún.

Félag áhugafólks stofnað

Það er ekki nóg að kenna bara börnunum bættu félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund heldur þarf að þjálf þá einstaklinga sem starfa með börnunum. ART-teymið hefur efnt til fjölda námskeiða fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, félags- og heilbrigðisþjónustu. ART námskeiðið er þrjú

dagar og svo er unnið með nemendahóp/ bekk í 12 vikur. „Það er staðreynd að þeir skólar sem hafa sent starfsmenn á ART-námskeið taka betur á agavandamálum. Fólk lærir réttu viðbrögðin og allir vinna að sama markmiði,“ segir Bjarni. „Þegar kennarar og starfsmenn nota hugtök sem börnin þekkja þá er ART-ið farið að virka vel og getur gefið af sér góðan skólabrag,“ segir Kolbrún.

Stofnfundur IS-ART, félags áhugafólks um ART-þjálfun á Íslandi, var haldinn á Selfossi í apríl síðastliðnum. Félagsmenn voru á stofndeggi um eitt hundruð en markmið félagsins er að gera félagsmönnum kleift að fylgjast með nýjungum og vera í samskiptum við aðra sem stunda ART-þjálfun.

Alls hafa 570 manns, hvaðanæva af landinu, sótt ART-réttindanámskeið og á annað hundruð fjölskyldur sótt fjölskyldunámskeið á vegum ART-teymisins á Suðurlandi. Hægt er að kynna sér málið í lokuðum hóp á Fésbókinni sem ber nafnið IS-ART. Einnig má hafa samband á netfangið is-art@isart.is.



Sigríður Þorsteinsdóttir og Kolbrún Sigþórsdóttir (til hægri) ásamt starfsfólki Laugaland.



Krakkarnir sýndu gestum hvað þau kunna í ART og mátti heyra að tillitsemi og góð framkoma væru atriði sem allir ættu að kunna.

Faghandleiðsla fyrir kennara og námsráðgjafa

Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerprið markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1.des 2005.


Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu – og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

Lundur 92, 200 Kópavogur / S: 5544873 / Gsm: 8645628
gshed@simnet.is



Myndir Styrmir Kári

Ásta Dóra Finnsdóttir fékk hvatningarverðlaun Töfrahurðar fyrir einleik sinn á pianó.



„Nótan er eins og demantur“

Lokahátíð Nótunnar, uppskeru-hátíðar tónlistarskóla, var haldin í Hörpu í Reykjavík sunnudaginn 23. mars. Umgjörð hátíðarinnar var afar glæsileg en hátíðin hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár.

Þau voru afar fjölbreytt tónlistaratriðin sem flutt voru á Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, og sýndu vel þá miklu grósku sem nú er í starfi tónlistarskóla víðsvegar um landið. Það fór svo að Rjómakvartettinn, strengjakvartett frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, hlaut farandgrip Nótunnar að þessu sinni og Tón-gjafann, verðlaun sem Tónastöðin veitir besta atriði hátíðarinnar. Einnig hlaut Ásta Dóra Finnsdóttir frá Allegro Suzuki-tónlistarskólanum hvatningarverðlaun Töfrahurðar fyrir einleik sinn á pianó.

Heilladrjúg ákvörðun

Það var Félag tónlistarskólakennara sem hafði frumkvæði að stofnun Nótunnar

sem nú var haldin í fimmta sinn. Sigrún Grendal, formaður félagsins, segir upplifun sína af henni afar sterka.

„Hún er svo djúpstæð að keppnin hefur í orðsins fyllstu merkingu slegið mig út af laginu. Það er þannig í tónlistinni að maður getur spilað eina einstaka nótu með ótal blæbrigðum og hún getur endalaust birst manni með nýjum hætti. Varðandi Nótuna þá hefur hún virkað á mig með þessum sama hætti – ég er sífellt að sjá á henni nýjar hliðar og í raun finnst mér mjög viðeigandi að líkja henni við demant sem hefur ótal fleti.“

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra var viðstaddur lokaathöfn Nótunnar. Í ræðu sem hann hélt þar sagði hann það fagnaðarefni hversu mikil gróska sé í íslensku tónlistarlífi.

„Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að svo væri ekki nema vegna þess að okkur Íslendingum tókst að byggja upp tónlistarskólakerfi um land allt, því stundum

tekst okkur nefnilega að gera vel. Og gáið að því að það er ekkert sjálfsgefið að það sé svo, það er ekki sjálfsögð ákvörðun, en þetta er ein af þeim ákvörðunum sem hefur reynst þjóðinni afskaplega góð og heilladrjúg – og fyrir svo margra hluta sakir.“

Undir þessi orð tekur Sigrún og bendir á að helsta verkefni menntastofnana almennt sé að stuðla að almennri menntun og alhliða þroska nemenda. Einnig að efla sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust, vellíðan, sköpunarkraft og hæfni til að takast á við áskoranir daglegs lífs.

„Nótan felur í sér ákveðið ferli og ferðalag í margvíslegum skilningi og maður þarf ekkert að vera búinn að vera lengi á ferð til að sjá að tónlistarnámið tekur til allra framangreindra þátta um hlutverk menntastofnana. Nótan speglar vel víðfeðmt gildi tónlistarnáms og hlutverk tónlistarskóla sem mennta- og menningarstofnana.“



Rjómakvartettinn, strengjakvartett frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, en hann hlaut farandgrip Nótunnar að þessu sinni og Tóngjafann, verðlaun Tónastöðvarinnar.

Svipmyndir frá Nótunni 2014



„Nótan speglar vel víðfeðmt gildi tónlistarnáms og hlutverk tónlistarskóla sem mennta- og menningarstofnana“.

Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara.



Sagan leynist í hve

Frænkurnar og leikskólakennararnir Bryndís Skúladóttir og Guðrún Björnsdóttir skipulögðu námsferð kennara og starfsfólks Heilsuleikskólans Urðarhóls síðasta haust. Farið var austur á land og ferðast um Fljótaldalshérað og til Borgarfjarðar eystra. Bryndís og Guðrún eru vel kunnugar öllu á Borgarfirði eystra enda báðar fæddar þar og uppaldar. Guðrún segir hér frá ferðinni sem var í senn mjög fræðandi og skemmtileg.

Föstudagurinn 6. september 2013 var tekinn snemma enda löng leið fyrir höndum. Ferðahópurinn var skipaður 28 leikskólakennurum af Leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi. Flugíð til Egilsstaða tók fljótt af og ferðalangarnir voru lentir fyrir austan klukkan níu. Ég var mætt ásamt Bryndísi Skúladóttur, leikskólakennara og leiðsögunu ferðarinnar, til þess að taka á móti hópnum, en rúta frá Tanna Travel beið þess að flytja okkur á milli staða.

Fyrsti viðkomustaður var Hallormsstaðaskóli en þar deila leik- og grunnskólinn húsnæði. Þetta er fámennur skóli en umhverfið dásamlegt og öfundsvert – ef hugsað til er til alltof fjölmennra bekkjardeilda í leik- og grunnskólum landsins. Umhverfið er vel nýtt til kennslu og upplifunar í skólanum, svo sem sjá mátti á fatahólfum barnanna þar sem hvert barn átti sitt tré. Falleg listaverk tengd umhverfinu prýða skólann svo bæði börnum og kennurum er sómi að.

Vel var tekið á móti okkur og eftir að hafa skoðað skólann var okkur boðið í lauterferð á skógarflöt bakvið hann. Veitingarnar voru úr heimafengnu hráefni, svo sem birkite, berjasultur og brauð. Síðan var gengið að útinámssvæðinu, skammt frá skólanum, sem er til mikillar fyrirmyndar. Þar fengum við góðar hugmyndir að því hvernig auðga má útisvæðið okkar á Urðarhóli.

Bryndís leiddi okkur svo um trjásfalnið í Hallormsstaðaskógi þar sem stór og mikil tré blasa við, margar trjátegundir og fallett umhverfi og ekki spillti veðrið fyrir, sól og blíða.

Rútan beið okkar í Atlavíkinni og flutti hópinn í Skriðuklaustur þar sem okkar beið meiri matur úr héraði; svo sem lerkisveppa og hvannarsúpa. Við fengum leiðsögn um húsið sem byggt var af þjóðskáldinu Gunn-



Hugleiðslustund á undurfögum stað. Þátttakendur áttu stund með sjálfum sér áður en þessi náttúruperla var kvödd. Myndir / Guðrún Björnsdóttir

ari Gunnarssyni, en það hefur verið endurgert af miklum myndarskap. Merkar fornminjar eru til sýnis í Gunnarstofu svo og klausturtóftirnar skammt frá bænum.

Álfadrottning fær mjólkursopa

Nú var brunað út með Fljótinu norðanmegin áleiðis til Borgarfjarðar og Fljótaldalshringurinn svokallaði kláraður með sögunum hennar Bryndísar. Þar mátti hlýða á hina þekktu þjóðsögu um Lagarfljótsorminn og hvernig Bryndís hefur unnið með söguna í leikskólastarfinu í gegnum árin. Einnig las hún stórskemmtilega sögu nokkurra leikskólanemenda sem unnið var í tengslum við grenndarkennslu þar sem Snæfell, náttúra, dýralíf og menning svæðisins eru í brennidepli og koma skýrt fram í sögunni.

Á Egilsstöðum stoppuðum við stutt en drifum okkur í Kjarvalshvamm sem er á leiðinni til Borgarfjarðar. Þar hreiðraði meistari Kjarval um sig, gerði sér bústað og dvaldi þar á sumrin og þar urðu til mörg af hans fegurstu verkum. Í hvamminum var áð, snætt nesti og hlýtt á frásagnir af meistaranum en hann tók upp á ýmsu sem lifir í sögum eystra. Nóg var af berjunum og tíndi fólk upp í sig eins og enginn væri morgundagurinn. Í Njarðvíkurskriðum heilsuðum við upp á Nadda, eða réttara sagt hlustuðum á söguna um hann og lutum höfði við krossinn sem var reistur þegar óvættinum hafði verið rutt úr vegi. Áður en við skiluðum rútunni skruppum við í Hafnarhólmann og skoðuðum höfnina sem er ein fegursta smábátahöfn landsins. Við létum duga að segja frá lundanum sem floginn var brott þetta haustið en ferðamenn flykkjast í Hólmann

á sumrin til að sjá hann því hvergi í heiminum er hægt að nálgast fuglana eins vel og þar.

Nú var að drífa sig á gistiheimilið Blábjörg sem er nýtt gistiheimili (gamla frystihúsið uppgert) með góðri aðstöðu fyrir gesti þannig að þeir geta séð um sig sjálfir ef þeir kjósa svo. Þarna er að finna spa, útipott og sánu að kanadískri fyrirmynd. Ákveðið var að seðja hungrið hjá frændfólkinu í Álfacafé. Þar var á borð borin dýrindis súpa að hætti hússins ásamt ýmsu góðgæti sem fólk kunnir vel að meta. Notalegt var að sitja innan um steina og gamla muni, nærast og hlusta á sögur og sagnir af álfum og huldufólki sem einkenna hina borgfirsku menningu.

Eftir matinn heimsótti hópurinn Álfaborgina, friðlýsta klettaborg við þorpið sem talinn er stærsti bústaður álfa á landinu auk þess að hýsa álfadrottningu Íslands. Við byrjuðum þó á að skoða Lindarbakka, gamla torfbæinn hennar Stellu, sem stendur neðarlega í þorpinu og er nokkurs konar byggðasafn. Þar fengum við mjólk í könnu og færðum álfadrottningunni í Álfaborginni en fyrir voru nokkrir álfar mættir (úr Urðarhóli) og búnir að tendra ljós að borgfirskum síð. Við vorum komin í náttstað um tíuleytið og sumir drifu sig í dekur á neðri hæðinni fyrir svefninn.

Á slóðir meistara Kjarvals

Sólin vakti okkur á laugardagsmorgni, vísbending um góðan og sólríkan dag. Matráðurinn okkar var búinn að undirbúa morgunverð og nesti fyrir daginn. Að loknum morgunverði hlýddum við á fyrirlestur Bryndísar um þróunarverkefni sem hún vann ásamt samstarfsfólki á leikskólanum

rjum steini



Látið fara vel um sig í heyvagni áður en gengið var að Dyrfjöllum.



Leikskólakennarar og starfsmenn Urðarhóls við upphaf ferðar.

Tjarnarlandi á Egilsstöðum. Í rauninni var þetta tíu ára þróunarferli sem byggðist í grunninn á því að nýta kosti samfélagsins. Samstarf við eldri borgara varð mjög áberandi þáttur öll þessi ár en áhersla var lögð á að kynna börnunum umhverfi, menningu og samfélag á Egilsstöðum. Mjög áhugaverð grenndarkennsla þarna á ferð.

Því næst var Grunnskóli Borgarfjarðar sóttur heim; en leikskólinn og grunnskólinn deila húsnæði sem er í alla staði mjög vinalegt og umhverfið í kring fallett. Við fræddumst um þá fjölbreytni sem ríkir í námi barnanna og hvernig leitað er fanga í samfélaginu á staðnum og umhverfinu á uppbyggilegan og skemmtilegan hátt.

Eftir velheppnaða heimsókn í skólann var komið að gönguferðum dagsins. Hópnun var skipt upp eftir löngun og getu hvers og eins. Ég tók að mér að stýra léttari göngu út sjávarbakkana, alla leið út í Geitavík þar sem ég fæddist, en Bryndís bauð upp á göngu að Dyrfjallsrótum. Markmiðið með gönguferðunum var að upplifa kynngimagnaða náttúru og þjóðsögur staðarins og nýta til þess öll skynfæri; horfa, hlusta, snerta, smakka og lykta.

Gönguleiðin að Dyrfjöllum er inn á sveit og því fengum við Katrínu Guðmundsdóttur, bónda á Jökulsá, til þess að flytja fólkið á heyvagni áleiðis að Dyrfjöllum en við hin dóludum okkur út sjávarbakkana. Dyrfjallahópurinn lagði á brattann upp á slétta grasflöt í Jökuldal, þar sem Jökulsáin liðast í fallettum bugðum innan um þursberg af ýmsum stærðum og formi undir stórfenglegu klettastáli Dyrfjallanna. Verk efni gönguhópsins var að túlka á skapandi hátt reynslu og upplifun allt frá því hann

steig niður fæti á Egilsstaðaflugvelli og fram á þessa stund undir Dyrfjöllum.

Bryndís fylgdist með á lengdar og sagði að það hefði verið mjög sérstakt að horfa á þennan fríða kvannahóp skapa dansverk á þessum undurfagra stað, þar sem andstaður náttúrunnar kallast á; falletgur dalurinn með sléttum flötum, björgum, lækjum og tjörnum og hrikaleg Dyrfjöllin sem gnæfa yfir dalnum og teygja sig í 1.137 metra hæð. Í lokin var hugleiðslustund og völdu þátttakendur sér hvíldarstað við ána og áttu stund með sjálfum sér áður en staðurinn var kvaddur.

Snúum okkur þá að Geitavíkurhópnum. Nestið var snætt í gamalli verbúð við Geitavíkurfjöru og sagðar sögur af frægu fólki sem hafði dvalið og átt heima á þessum slóðum. Meistari Kjarval var alinn upp í Geitavík og þar lék hann sér í æsku og byrjaði að teikna. „Það er saga í hverjum steini,“ sagði Kjarval eitt sinn og lyfti glærhvítum glerhallinum upp á móti sólu til að sjá kynjamyndirnar betur. Myndir Kjarvals bera margar keim af línunum og formum sem sjást í steininum í Geitavík.

Gönguhóparnir hittust svo í Geitavík þar sem hellt var upp á kaffi að sveitasið og boðið upp á vöfflur með rjóma. Veðrið var dásamlegt, 18 gráðu hiti, og mikil gleði sunnanmanna sem voru sveltir af sól eftir sumarið. Kata flutti hópinn til baka inn í þorp, og þótti mönnum mikil stemming að ferðast um á heyvagni. Svo skuluðu menn af sér ferðarykið og dýfðu sér í pottana og aðeins í sjóinn. Þessum gleðidegi lauk svo með góðri máltíð og kvöldvöku þar sem var sungið, dansað og hlegið, og ekki má gleyma flutningi

EINSTÖK FERÐ

Ferðin var stórkostleg frá upphafi til enda. Hún samanstóð af samvinnu, menningu, náttúru, hvíld og hópefli. Náttúran var stórbrotin og hrifandi, sagan og menningin fékk hugann til að reika, samvinnan og samveran var einstök og gerði ekkert annað en að styrkja hópin. Þetta var einstök ferð fyrir starfsmannahópin, sem að ég held að verði erfitt að toppa. Þær Gunna og Bryndís voru sannkallaðar álfadísir sem náðu að lokka það besta fram í hópnum.

Takk fyrir mig, Sigrún.



Ferðalangar fengu leiðsögn um húsið að Skriðuklaustri, sem byggt var af þjóðskáldinu Gunnari Gunnarssyni. Klausturtóftirnar skammt frá bænum voru líka skoðaðar.

Dyrfjallshópsins á ljóða- og dansatriði Þátttakendur voru greinilega undir miklum áhrifum umhverfisins, svo magnaður var flutningurinn.

Öðruvísi upplifun

Við héldum heim að morgni 8. september reynslunni ríkari. Ferðalangarnir brosa enn út að eyrum þegar minnst er á ferðina austur og allir eru sammála um að Borgarfjörður eystra sé tilvalinn staður til grenndarkennslunáms og námskeiðshalda.

Skólamenning Heilsuleikskólans Urðarhóls stendur styrkum fótum. Áherslur skólans eru að skapa gleði og vellíðan hjá börnunum, með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Skólamenningin hefur einkennst af umhverfisvernd, náttúru og því að halda í gamla og góða sögu okkar Íslendinga. Áhugi starfsmannahópsins einkennist af hollustu við þau gildi. Þau markmið sem verið hafa í skólastarfinu féllu því vel að hugmyndum ferðarinnar.

Af hverju erum við alltaf að eltast við borgir í útlöndum, þó þær séu góður kostur út af fyrir sig? Af hverju ekki að breyta til og fá öðruvísi upplifun, eitthvað sem er svo fjarlægð mörgum og gefur allt aðra og dýpri upplifun? Þegar hugmyndin var fyrst reyfuð við Sigrúnu Jónsdóttur skólustjóra þá varð hún uppnumin og sagði: „Við gerum þetta“. Og við gerðum þetta. Við Bryndís þökkum kærlega fyrir okkur.

Guðrún Björnsdóttir.

ÁTAK_{anleg} þörf á að fjölga kennurum

**Það vekur áhyggjur hversu fá ung-
menni velja að læra að verða kenn-
ari. Nýlega var hleypt af stokkunum
tveimur átaksverkefnum sem miða
að því að fjölga þeim.**

„Það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa um leikskólaárin eru söngstundir sem við áttum með leikskólakennurum. Þetta var á þeim tíma að ég var nýfluttur til Íslands og þetta var mikilvæg íslenskukennsla að fá að sitja og syngja með krökkunum...“ segir Logi Pedro Stefánsson, tónlistarmaður og fyrrum nemandi á Grænuborg, í myndbandi sem birt er á vefnum framtidarstarfid.is. Vefurinn er hluti af verkefni sem miðar að því að vekja ungt fólk til vitundar um mikilvægi þess starfs sem fram fer á leikskólum landsins, sem og um kosti þess að leggja stund á nám í leikskólakennarafræðum. Að verkefninu standa Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Efling stéttarfélag.

Hugmyndin er að gera námsmöguleikann sýnilegri á m.a. samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum og á opinberum stöðum. Opnuð hefur verið heimasíða og búið

til svæði á Facebook. Þar eru settar fram á aðgengilegan hátt upplýsingar um starf í leikskólum, námsmöguleika og tekjumöguleika svo eitthvað sé nefnt. Í tengslum við nýjan vef voru gerð myndbönd þar sem leikskólakennarar, stjórnendur leikskóla og aðrir ræða kosti námsins, gleðina í starfinu og annað. Í einu þeirra ræðir Hrefna Jónsdóttir, nemi í leikskólakennarafræðum, um námið og segir einn kost þess að þar eigi sér ekki stað mótun. „Þú færð upplýsingar sem þú þarft að melta og ákveða hvað þér finnst um. Það var glæný reynsla fyrir mig að fá að hugsa sjálf, ekki bara taka upp sömu skoðun og kennarinn.“

„Góðir kennarar – grunnur framtíðar“

Það er ekki að ástæðulausu sem farið er í slíkt átak núna. Um 1.300 leikskólakennara vantar til starfa svo ákvæði laga séu uppfyllt. En vandinn einskorðast ekki við leikskólastigið og af því hafa forsvarsmenn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands áhyggjur. Þar á bæ vilja menn auka ásóknina í kennaranámið og blésu því til annars átaks, en það ber yfirskriftina „Hafðu áhrif. Góðir kennarar – grunnur framtíðar“.

„Hugmyndin er að gera námsmöguleikann sýnilegri á m.a. samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum og á opinberum stöðum“.


Segja má að það átak sé tvíþætt. Annars vegar er leitað eftir tilnefningum almenninga um þann kennara sem mest áhrif hafði á viðkomandi. Hægt er að senda tilnefningar í gegn um vefsíðuna hafduahrif.is. Þeim verður svo safnað saman og niðurstöður kynntar í lok maí. Stefnt er á að veita nokkrum kennurum viðurkenningu en einnig mun Menntavísindasvið HÍ safna saman niðurstöðunum og rannsaka hvaða eiginleikar einkenna góðan kennara.

Hinn hluti átaksins er að hafduahrif.is eru nú aðgengileg myndbönd þar sem sjö þjóðþekktir Íslendingar segja frá þeim kennurum sem mest áhrif höfðu á þá. Því, sem og öðrum upplýsingum á síðunni, er ætlað að vekja athygli á öllu því jákvæða sem einkennir kennarastarfið og hvernig stéttin mótar og hefur áhrif á fjölda Íslendinga á hverjum degi. Síðast en ekki síst eru á vefsíðunni upplýsingar um kennaranám við Menntavísindasvið HÍ og væntanlegir nemendur hvattir til að hafa áhrif.

Hvort þessi tvö átaksverkefni skila árangri mun auðvitað tíminn einn geta skorið úr um. En ljóst er að verkefnið er brýnt.



Á heimasíðunni framtidarstarfid.is má finna fjölda myndbanda þar sem leikskólakennarar, stjórnendur leikskóla og aðrir ræða kosti náms í leikskólafræðum, kosti þess að starfa í leikskólum og fleira.



Menntavísindasvið Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt kennaranám. Forsvarsmenn þar vilja nú fjölga þeim sem sækja námið.

LAUSAR KENNARASTÖÐUR

við leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar



ÍSAFJARÐARBÆR er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalaus möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Skólarnir eru fjölbreyttir og hafa innleitt hinar ýmsu stefnur. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Grunnskólinn á Ísafirði

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar við Grunnskólann á Ísafirði:

- Sérkennari 100% starf
- 2-3 stöður umsjónarkennara 80-100% hver staða
- Kennari í tæknimennt 100% starf
- Kennari í myndmennt 100% starf
- Danskennari 50-70% starf
- Þroskaþjálfari 100% starf

Í Grunnskólanum á Ísafirði eru um 350 nemendur í 1.-10. bekk. Skólustjóri er Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, s:450-8300, sveinfridurve@isafjordur.is

Grunnskólinn á Suðureyri

Um er að ræða eina stöðu sem almennur kennari kennslugreinar gætu verið heimilisfræði, myndmennt, danska og íþróttir.

Í Grunnskólanum á Suðureyri eru um 40 nemendur í 1.-10. bekk. Skólustjóri er Snorri Sturluson, s: 450-8390, snorrist@isafjordur.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtoga-hæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Allar nánari upplýsingar veita skólustjórar og/eða sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar er Margrét Halldórsdóttir, s:450-8000, margreth@isafjordur.is

Leikskólinn Sólborg Ísafirði

4ra deilda skóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Óskar eftir deildarstjóra í 100% stöðu og leikskólakennurum. Skólinn rekur einnig 5 ára deild í öðru húsnæði þar sem unnið er í anda uppbyggingarstefnunnar og vantar deildarstjóra í 100% stöðu á þá deild.

Leikskólustjóri er Helga Björk Jóhannsdóttir, s: 450-8285, solborg@isafjordur.is

Leikskólinn Laufás Þingeyri

Tveggja deilda skóli, sem starfar sem heilsuleikskóli. Óskar eftir leikskólakennurum. Jafnframt er verið að leita eftir starfsmanni í leikskóla sem sinnir m.a. ræstingum á opnunartíma. Um er að ræða 75% stöðu og er vinnutíminn frá kl. 9-15.

Leikskólustjóri er Elsa María Thompson, s: 450-8270, laufas@isafjordur.is

Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri

Tveggja deilda skóli með umhverfisvernd að leiðarljósi óskar eftir leikskólakennurum.

- Kröfur eru gerðar um leikskólakennaramenntun.
- Allar nánari upplýsingar veita leikskólustjórar og/eða skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar

Leikskólustjóri er Svava Rán Valgeirsdóttir, s: 450-8290, tjarnarbaer@isafjordur.is

Skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar er Sigurlína Jónasdóttir, s: 450-8000, sigurlina@isafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2014.



Sköpunargáfa og skólastarf

Skapandi starf hvílir á tveimur meginstöðum, skynseminni og ímyndunaraflinu sem eru mjög ólíkir hæfileikar mannsins. Skynsemin skapar ekki, hún getur það ekki. Skynsemin ályktar og tekur ákvarðanir, það er allt sem hún gerir, hennar verki lýkur þar. Ímyndunaraflið skapar, það er allt sem það getur gert, þess verki lýkur þar.

Manneskjan þarf á bæði skynseminni og ímyndunaraflinu að halda, annað er háð hinu. Án ímyndunarafls eða skynsemi getur hún ekki þrífist. Þrátt fyrir það hefur ímyndunaraflinu verið skipulega úthýst úr almenna skólakerfinu frá stofnun þess á átjándu öld. Sami skóli hefur hins vegar hampað skynseminni ótæpilega. Afleiðingin er skólakerfi án sköpunar eða skapandi hugsunar.

Samfélagið sem skóp skólann þurfti ekki á mörgum lærðum eða frjóum hugsuðum að halda, heldur var fyrst og fremst þörf fyrir vinnandi hendur, svo hægt væri að manna iðnaðarvélarnar, og fáeina rétt innstillta karlmenn til að stjórna samfélaginu. Þannig var samfélagið samsett og skólinn þjónaði því vel. En iðnaðarsamfélagið er liðið undir lok og upplýsingatæknisamfélagið hefur tekið við.

Þrátt fyrir það byggja skólarnir meðvitað og ómeðvitað á menningu hins dána samfélags. Jafnvel þótt nýja námskráin boði breytta tíma er innleiðing hennar í grunninn vörðuð hugmyndum skóla iðnvæðingarinnar. Þessu verðum við að breyta því við getum ekki byggt framtíð okkar á skólakerfi samfélags sem er ekki lengur til. Lykillinn að skóla 21. aldarinnar er falinn í skapandi virkni hans.

Sköpunargáfan hefur verið rannsökuð í áratugi og þótt margt sé á huldu er ýmislegt ljóst. Vitað er að innri hvöt leiðir fram sköpunina, en ytri hvatar eru hamlandi. Sköpunargáfan byggir í grunninn á einstaklingsframtaki en þrífst best í traustum hópi þar sem ímyndunaraflið fær að flæða milli aðila. Hún er starfsháttur, ekki sérgáfa eða listastarf, en þetta gengur mörgum illa að skilja, sérstaklega þeim sem telja að ekkert sé marktækt nema hægt sé að mæla það upp og niður til samanburðar og meðaltals.

Í eðli mannsins að vera skapandi

Uppi eru nokkrar algengar villur um sköpunargáfuna, eins og að það sé sérgáfa að vera skapandi. Ekkert er fjarri sanni.

Það er í eðli mannsins að vera skapandi. Önnur villa felst í því að trúá því að sköpunargáfan sé á sérstökum sviðum, s.s. hönnun og listum. Þessi svið gera sérstaklega út á eiginleika sköpunarinnar en það er einnig mikil sköpun fólgin í vísindum, stærðfræði, rekstri fyrirtækja og því að vera íþróttamaður. Þriðja villan er falin í því að álíta að sköpunargáfan sé föst stærð. Sumt fólk er þá skapandi, annað ekki. Auðvitað er það ekki þannig. Eftir því sem þú ert frjórri í ímyndun þinni og eftir því sem þekking þín á viðfangsefninu er meiri því fleiri tengingar eru mögulegar og því meira skapandi verður þú í daglegu lífi, námi og starfi. Það verður enginn skapandi á því að setjast niður og bíða, gera ekki neitt.

Að skapa er að tengja og til að tengja eitthvað við eitthvað annað verður þú að vita eitthvað. Þú verður að skilja, þú verður að víða að þér ólíkum sjónarhornum, ólíkum hugmyndum og ólíkum niðurstöðum, garfa í þeim og verða reynslunni ríkari, og reynslan kemur með iðjusemi þinni og afleiðingu þess að hafa rangt fyrir sér. Gagnaöflun, prófanir, ígrundun og skilningur eru mjög mikilvægir þættir í skóla sem byggir á sköpunargáfunni. Þess vegna fellur sköpunargáfan full-

komlega að skólastarfi upplýsingasamfélagsins eða skóla 21. aldarinnar. Skapandi skólastarf byggir á skilningi en ekki skyndiminni. Skapandi skólastarf byggir ekki á listföndri nemenda. Listir byggja hins vegar ríkulega á sköpunareðlinu, en sköpunareðlið á þó ekki lögheimili í listinni.

Nýtt samfélag

En hvað svo? Augljóslega gengur þetta gegn hefðbundnum hugmyndum okkar um skólalald – og hvað með hagsmuni þeirra sem að skólunum standa? Skapandi skólastarf gengur ekki gegn hagsmunum fræðigreina, heldur þvert á móti. Skapandi skóli gerir auknar kröfur um þekkingu og skilning sem efla nemandann sem námsmann. En þetta krefur okkur sem í skólunum störfum um að endurhugsa forsendur starfs okkar. Þetta eflir grunnþætti samfélagsins, en það er fyrirhöfn fólgin í því að flytjast inn í nýtt samfélag. Facebook, Twitter, Instagram, netbankaþjónusta, netverslanir, alþjóðleg

Eftir því sem þú ert frjórri í ímyndun þinni og eftir því sem þekking þín á viðfangsefninu er meiri því fleiri tengingar eru mögulegar og því meira skapandi verður þú í daglegu lífi, námi og starfi. Það verður enginn skapandi á því að setjast niður og bíða, gera ekki neitt.

samkeppni, tölvupóstur, Skype, Google maps, Youtube, snjallsímar, MBL, DV, Vísir, RÚV, Netflix, Word, Power Point, Excel, innlendir gagnagrunnar, erlendir gagnagrunnar, upplýsingaleit, upplýsingamagn og vinnsla upplýsinga.

Það er fyrirhöfn fólgin í því að temja sér nýja hætti en það er ávinningur af fyrirhöfninni. Skólastarf sem nærir sköpunargáfuna er nært af sköpunargáfunni, það á jafnt við um nemendur, kennara, skólastjórnendur og skólinn á að þjóna samfélagi sínu vel. Við eigum á þessu augnabliki einstakt tækifæri til að reisa slíkt skólakerfi.



Geir Hólmarsson,
kennari við Menntaskólann á Akureyri.

Bætt þjónusta með nýrri heimasíðu

Tímamót urðu hjá Kennarasambandi Íslands þann 10. mars síðastliðinn, en þá var tekin í notkun ný heimasíða.

Nýja síðan tók við af annarri sem tekin var í notkun árið 2007 og hafði lítið þróast frá þeim tíma. Brún þörf var því á uppfærslunni. Meðal nýjunga er að nýr vefur lagar

og annað sem nauðsynlegt er til að koma upplýsingum til skila á sem skilvirkastan hátt. Allar tengingar við samfélagsmiðla hafa verið auðveldaðar sem gefur Kennarasambandinu, sem og félagsmönnum, færi á að deila því sem er á döfinni hverju sinni og skapa um það umræður.

Síðan er sett upp á annan hátt en fyrir-



Minni áhersla er lögð á fréttir á nýrri heimasíðu, en í staðinn eru upplýsingar um kjaramál, sjóði og styrki í öndvegi.



Dæmi um framsetningu á nýrri heimasíðu er að þar geta félagsmenn fundið á einum stað allar upplýsingar um veikindarétt.

„Stofnað verði útgáfuráð KÍ og stjórn hvers aðildarfélags tilnefni í það einn fulltrúa og einn til vara. Ráðið verði kallað saman minnst tvisvar á ári og hafi stefnumótandi og ráðleggjandi hlutverk í útgáfumálum“.

Úr samþykkt um útgáfumál sem afgreidd var af þingi KÍ í apríl.

sig að þeim tækjum sem hann er skoðaður í, svo sem snjallsímum, spjaldtölvum og hefðbundnum tölvum. Öll framsetning á efni er skýrari og einfaldari og hægt er að setja inn á síðuna myndbönd, grafík

rennari hennar. Til að mynda er öllum upplýsingum um kjaramál nú safnað saman á einn stað og er það von KÍ að það einfaldi félagsmönnum að finna þær upplýsingar sem þá vantar hverju sinni.

Sömu sögu er að segja um upplýsingar um styrki og sjóði, sem og faglega umfjöllun um skólalald.

Starfsmenn KÍ ætla ekki láta þar við sitja. Unnið er að frekari breytingum á útgáfu Kennarasambandsins en þær verða útfærðar í samstarfi við stjórn KÍ og nýstofnað útgáfuráð.



Mynd Anton Brink

Battavöllur – menningarlegt fyrirbæri?

Í mínum skóla gerast margir góðir hlutir, ekki síst vegna þess að í honum er unnið eftir Hjallastefnunni. Á hverjum degi er unnið að lýðræði, jafnrétti, samvinnu, kærleika, virðingu, upplýsingatækni, íslensku, stærðfræði og mörgu öðru.

Ég skrifa þessar línur því jafnrétti kynjanna er mér hugleikið og mikilvægt og því vil ég fara nánar í þann ágæta þátt í mínu skólastarfi. Eitt dæmi sem sýnir að unnið sé að því í mínum skóla er battavöllurinn, ferhyrningur með gervigrasi og tveim mörkum. Oft er hann notaður til að iðka knattspyrnu – sumir myndu jafnvel ganga svo langt að segja „iðka þá listgrein sem knattspyrnan er“ (látum það liggja á milli hluta). Í mínum huga og í menningu barna er þetta nefnilega ekki bara ferhyrningur þar sem mögulegt er að

spila knattspyrnu. Ó, nei – hann er mikið stærra og viðameira mál, þessi blessaði völlur. Hann er orðinn að menningarlegu fyrirbæri! Og nú verð ég að rekja smá sögubrot fyrir ykkur.

Fyrir u.þ.b. tveimur árum fengum við þennan völl eftir ítrekaðar óskir og fyrirspurnir barnanna í skólanum. Gleðin var þvílík þegar hann loksins kom, að allt ætlaði hreinlega um koll að keyra. Nú væri sko hægt að spila fótbolta í hvaða veðri sem væri, og helst mikið af honum (snjór, frost og stormur er ekki fyrirstaða í mínum skóla). Nú verðið þið að sjá aðeins fyrir ykkur hvernig þetta hefur verið. Hvað sjáið þið fyrir ykkur? Drengi þyrpast á völlinn í litríkum takkaskóm? Laukrétt! Stúlkur í litríkum takkaskóm? Laukrétt! Þær voru vissulega færri, en þessi völlur hafði og hefur gífurlegt aðdráttarafl.

Í mínum skóla er nefnilega val tvisvar

sinnum á dag í 30 mínútur í senn. Þá geta börnin valið úr nokkrum úrvalskostum um hvað þau vilji gera. Einn kosturinn er útisvæði, en þar skiptast kennarar á að vera með viðbragð spretthlaupara ef eitthvað kemur upp á, hafa samningatækni færustu lögfræðinga, faðm á við skógarbirni og vökul augu arnarins. Allt þó að sjálfsgöðu án uppþrengingar, því þetta er frjálsi tími barnanna. Allir vildu á völlinn fara og nú mátti samningatæknin ekki bregðast okkur. Við sáum þó fljótt að þær stúlkur sem æfðu fótbolta voru ívið færri en drengirnir og þær áttu það til að gefa völlinn frá sér, eða voru hreinlega ekki alltaf nógu fljótar að koma og taka sér stöðu á vellinum til að panta hann.

En geta þau ekki bara spilað saman? Jújú, það var nú aldeilis gert, en aftur sáum við kynjaskipt lið þar sem hallað var á stúlkur, þær fengu ekki sendingar til

En geta þau ekki bara spilað saman? Jújú, það var nú aldeilis gert, en aftur sáum við kynjaskipt lið þar sem hallað var á stúlkur, þær fengu ekki sendingar til sín og fengu bara ekki að njóta sín! Fúlt!

sín og fengu bara ekki að njóta sín! Fúlt! Næsta ráð var að skipta völlum á milli barnanna. Fyrst fengu 10 ára stúlkur völlum, næst 11 ára og svo 12 ára. Það kerfi rúllaði í eina viku og næstu viku tóku drengirnir við sama kerfi. Hér sáum við þó fljótt galla á gjöf Njarðar. Stúlkurnar ákváðu nefnilega að vera „góðar“ við vini sína og gefa þeim völlum eftir – „Æ, við nennum ekkert að spila fótbolta hvort eð“ er.“

Í næsta skrefi var eign vallarins gerð heilög og við það kom nokkuð stórmerkilegt í ljós. Stúlkurnar valdefldust! Enginn mátti láta öðrum völlum eftir; vilji enginn vera á honum stendur hann bara auður – og svo sem enginn skaði skeður því nóg flæmi er af dúnmjúku grasi í kring.

En það sem meira er, það má gera hvað sem er á þessum ferhyrnda gervigrasvelli! Það má liggja og horfa á skýin, fara í brennó, handahlaup, spila hörku knattspyrnu – hvað sem er! Eftir að þessi regla var meitluð í stein áttuðu margar stúlkur sig á því að það mátti ekki taka frá þeim þau réttindi að nota völlum og þær nota hann óspart og hafa svo sannarlega gaman af! Það eru ekki stunduð nein vinsældakaup í gegnum battavallabrask – þetta eru bara réttindi sem við eigum að gefa þeim í vöggugjöf og eiga að sjálfsögðu að vera náttúrulögmál!

Áfram jafnrétti!!!

Anna Margrét Ólafsdóttir
kennari í Vífilsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

TVÆR NÝJAR BÆKUR UM SKÓLASTARF



FAGMENNSKA Í SKÓLASTARFI

Leiðarstef bókarinnar er velferð og menntandi námsreynsla barna og ungmenna í skólum. Í bókina skrifa þrettán fræðimenn um ýmis viðfangsefni sem tengd eru hugðarfennum sem Trausti Þorsteinsson hefur helgað krafta sína.

Á SÖMU LEIÐ

Ritstjórar
Bryndís Garðarsdóttir
& Jóhanna Einarsdóttir
Meginumfjöllunarefnið er hvernig hægt er að auka tengslin milli grunn- og leikskólastiga og skapa samfelli í námi barna?



H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

LEIKSKÓLAKENNARAR

Á Leikskólann Laugalandi vantar okkur einn deildarstjóra og leikskólakennara.

Karla eða konur.

Leitað er eftir áhugasömum, metnaðarfullum leikskólakennurum sem hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og tilbúnir til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

Leikskólinn Laugalandi er um 30 barna einnar deildar leikskóli staðsettur í Rangárvallasýslu, í um 100 km fjarlægð frá Rvk. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskri náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám.

Helstu áherslur í starfi eru m.a. traust og góð umönnun og vellíðan barnanna. ART þjálfun (þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði), upplýsingatækni, útikennsla og fjölbreyttar vinnustundir sem stjórnast ekki af „klukkunni“ heldur af áhuga barnanna, leik og hæfni hverju sinni.

Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn.

Möguleiki er á aðstoð við að finna húsnæði ef þarf.

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir 6. júní.


Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediksdóttir, leikskólastjóri Sími: 487-6633
Veffang: <http://www.leikskolinn.is/laugaland>



Krossgáta Skólavörðunnar

Lárétt

3. Ástralskt tré (þf.). (6)
7. Ríki Hamlets (ef.). (10)
8. Sýróp sem verður til við vinnslu á sykri. (7)
10. Skemmtistaður Geira Smart. (6)
13. Rými neðanjarðar fyllt albráðinni kviku (þgf.). (10)
14. Grískur heimspekingur. (5)
15. Sá sem býr í Mols á Jótlandi. (6)
16. Flutningsensím í dýrafrumu. (12)
19. Fituþykkildi aftan á hálsinum. (11)
20. Sá sem Jesús sendi til að gefa Sál sjón sína aftur. (7)
21. Api. Fullorðin karldýr eru skærlituð á andliti. (8)
23. Ópera eftir Richard Strauss byggð á leikriti eftir 29. lóðrétt. (6)
26. Laufblað sígrænna trjáa. (4)
27. Titill spænskrar hefðarkonu. (8)
28. Starf Péturs vinar Heiðu. (11)
29. Eftirnafn bandaríks leikritaskálds sem skrifaði Sporvagninn Girnd. (8)
31. Plastic ___ Band, hljómsveit sem John Lennon stofnaði ásamt konu sinni. (3)
33. Afl sem þarf til að lyft 75 kg um 1 m/s. (7)
34. Sá sem tilheyrir trúarhóp upprunnum í Persíu. (5)
36. Jafngildi sex áa loðninna og lembdra (ef.). (8)
37. Kveðskapur sem fjallar að mestu um tilfinningar. (5)
38. Nafn elstu dóttur Mússólínis. (4)
40. Það mál sem talað var í Englandi eftir engilsaxnesku og fyrir nútímaensku. (8)
42. _____ fljót sem rennur úr Ontariovatni í Atlantshaf. (5,8)
43. Þjarkinn sem fær nafn sitt frá tékkneska orðinu ro-bota sem merkir „skylduvinna.“ (8)



Lóðrétt

1. Fylki í Bandaríkjunum. Höfuðborg þess er Sacramento. (10)
2. Viðskiptareikningur við fjármálastofnun. (8)
3. Leysiefni með formúluna (CH₃)₂CO. (6)
4. Straumur tengdur flóði og fjöru (et.). (10)
5. Að snúa við norður- og suðurskauti. (8)
6. Hæsta fjall Afríku. (11)
9. Íslenskt heiti Missa pro defunctis. (9)
11. Staður þar sem fjárhættuspil er stundað. (9)
12. Olía unnin úr fræjum Ricinus communis. (9)
17. Mahmoud _____, palestínskur stjórnmalamaður. (5)
18. 23. stafur gríska stafrófsins, tákn sálfræðinga. (3)
22. Kraftur sem dregur úr hreyfiorku. (11)
24. Bær á Snæfellsnesi. (8)
25. Menningarmiðstöð á Ísafirði. (8)
26. Fífillinn með fullþroskuð fræ. (10)
27. Kirkjustaður frá 1056. (8)
28. Líffæri sem geymir vökva sem hjálpar til við meltingu. (10)
29. Eftirnafn írskt leikritaskálds sem sat í fangelsi í Reading. (5)
30. Matarfugl, Meleagris gallopavo. (7)
32. Maðurinn af Þjóðerni sem er talið vera frumbyggjar Evrópu (þf.). (7)
35. Eiginkona Menelásar í Spórtu. (6)
39. Bartolomeu _____, fyrsti Evrópubúiinn til að sigla fyrir Góðrarvonarhöfða. (4)
40. Franska orðið yfir haf. (3)
41. Sjálfið hjá Freud. (3)

Lausn krossgátu í síðasta blaði.



Íslensk smáforrit fyrir kennara

Börnin læra hljóð íslensku bókstafanna og fingrastafrófið um leið og lestrarferlið er undirbúið. Byggt á áratuga reynslu talmeinafræðings í starfi með íslenskum börnum. Tilvalið fyrir börn af erlendum uppruna til að æfa og læra íslensku hljóðin!



LÆRUM og LEIKUM
með hljóðin



Fyrir enskukennslu

Kids Sound Lab

Í vefverslun Apple

Meðal efnis:

- Röð samhljóða fylgir sömu röð og íslensk börn tileinka sér talhljóðin í máltökunni
- Sérhljóð í íslensku kynnt sérstaklega
- Lýsing á talfærastöðu fyrir hvert hljóð
- Öll hljóðin eru æfð í hljóðaleik með hljóðakeðjum; samhljóð með sérhljóði til að tryggja að barnið nái réttu hljóði
- Hljóðin æfð í framstöðu orða nema þau hljóð sem koma eingöngu fyrir í miðju og aftast í orðum/setningum
- R býður upp á meiri aðlögun og fleiri orð í framstöðu orða til að æfa (algengt að börn eigi erfitt með framburð R-hljóðsins)
- Þrjú gagnvirkir leikir í framhaldi af orðaæfingum þar sem myndir koma á víxl til frekari æfinga
- Upptaka leyfð á orðum og setningum til að æfa og hlusta
- Skráning nemenda: nafn, aldur, kyn og netfang
- Stigagjöf inni í forritinu
- Árangur sýndur í %
- Skráning athugasemda inni í forritinu
- Upplýsingar um stöðu og athugasemdir má senda í netpósti
- Hægt er að prenta út samantekt niðurstaða (air print)
- **UPPLÝSINGAR:** laerumogleikum.is, kidsoundlab.com

Fleiri smáforrit væntanleg



Vandað fjölbreytt efni

í framburði, orðaforða og hljóðkerfisvitund

Pantanir á: laerumogleikum.is

laerumogleikum@gmail.com



Youtube: [laerumogleikum](https://www.youtube.com/channel/UC...)

YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.



Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is